

Kosningaúrslit í Þýskalandi Fjárfestar gráta



Hátækniyfirtækið Marel Sækir fram í vöruþróun



Stærsta verslunar- keðja Bretlands Gott uppgjör hjá Tesco



Hugsanlega aftur í Somerfield

Eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði Baugsmálinu svokallaða frá dómi í gær hafa spurningar vaknað um hvort Baugur muni á ný gera tilraun til að kaupa bresku verslanakeðjuna Somerfield.

Baugur þurfti að draga sig út úr viðræðunum í júlí eftir að Baugsmálið náði hámarki og ljóst var að gefnar yrðu út ákærur á hendur forsvarsmönnum Baugs. Breskir fjölmiðlar gera mikið úr þessum vangaveltum í gær eftir að niðurstaða dómsins varð ljós. Vefútgáfa breska blaðsins Times segir að þar sem Baugur hafi legið lágt meðan ákæran var til meðferðar hjá dómstólum, skapist nú tækifæri fyrir fyrirtækið að hefja viðskipti á ný á breskum markaði og ekki megi útiloka það frá tilboði í Somerfield. Yfirtökunefnd í Bretlandi hefur gefið væntanlegum tilboðsgjöfum frest þangað til um miðjan október til að gera tilboð í félagið. Baugur hefur ekki viljað tjá sig opinberlega um hvort félagið ætli sér að hefja viðræður á ný um kaup á Somerfield. - hb

Styrking krónunnar: Útrásarvísitalan lækkar

Útrásarvísitalan lækkaði um 2,19 prósent á milli vikna og er nú 116,17 stig. Mest hækkuðu bréf í French Connection, um 13,3 prósent, en að teknu tilliti til þess að breska pundit veiktist gagnvart krónunni. Mest lækkaði finnska fyrirtækið Saunalahti í eigu Novator, um 5,3 prósent, en að teknu tilliti til áhrifa íslensku krónunnar nemur lækkunin 7,4 prósentum. Að meðaltali urðu gengisbreytingar á fyrirtækjum í útrásarvísitölunni um 1,8 prósent en þegar styrking krónunnar hafði áhrif þegar reiknuð voru áhrif gjaldmiðilsbreytinga lækkaði gengið að jafnaði um 0,2 prósent. - hb

FRÉTTIR VIKUNNAR

Uppsagnir í Sterling | 230 starfsmönnum af skrifstofum Sterling Airways var sagt upp á þriðjudag sem var liður í hagræðingu eftir sameiningu Sterling og Mærsk-flugfélagsins.

Uppskipting Burðaráss | Á hluthafafundi Burðaráss var uppskipting félagsins samþykkt og verður það sameinað Landsbankanum annars vegar og Straumi fjárfestingarbanka hins vegar. Allir sem mættu á hluthafafundinn greiddu tillöggunni atkvæði. Með breytingunum lauk níutíu ára fyrirtækjasögu gamla Eimskipafélagsins í sinni gömlu mynd.

Gengislækkun og verðbólga | Í riti Greiningardeildar Íslandsbanka, Þjóðarbúskapnum, er gert ráð fyrir verðbóluskoti árið 2007 í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar. Hagvöxturinn tekur svo við sér á ný með bættu umhverfi útflutningsgreina og viðskipta-hallinn mun hverfa í kjölfarið.



Stjórn Símans kosin | Ný stjórn Símans var kjörin á hluthafafundi á laugardag. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista og annar Bakkabræðra, tekur við af Rannveigu Rist sem stjórnarformaður Símans. Eignarhlutur Skiptis, félagsins sem keypti Símann, er 98,77 prósent en hluthöfum verður boðið að selja hlutafé sitt á sama verði og Skipti keypti hlutafé sitt af íslenska ríkinu, á genginu 9,6.

Gengið frá Merlin-kaupum | Árdegi, Baugur og Milestone hafa keypt dönsku raftækjakeðjuna Merlin. Rekstur Merlin hefur gengið illa að undanförnu og er markmiðið að snúa rekstrinum úr tapi í hagnað. Sverrir Berg, eigandi Árdegis, verður stjórnarformaður félagsins.

Fjármagnstekjur hafa þrefaldast á fimm árum

Hagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa hefur hækkað um meira en þrjú hundruð prósent frá árinu 2000. Í fyrra nam söluhagnaðurinn 35 milljörðum króna, sem er met.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Páll Kolbeins, sérfræðingur hjá Ríkisskattstjóra, segir að fjármagnstekjur einstaklinga hafi hækkað mjög mikið á undanförnum árum. Frá árinu 2000 hafi fjármagnstekjur aukist um 202 prósent og numið 75 milljörðum króna í fyrra miðað við skattframtölin í ár.

Ef bara sé horft á sölu hlutabréfa hafi hagnaður af þeim viðskiptum numið 35 milljörðum króna. Á fimm árum hefur söluhagnaður, sem er að mestu tilkominn vegna sölu hlutabréfa, hækkað um 385 prósent. Það jafngildir 37 prósent árlegri hækkun söluhagnaðar á tímabilinu. Frá álagningu árið 1998 hafa þessar tekjur rúmlega tífaldað.

Arður af hlutabréfum er sá hluti fjármagnstekna einstaklinga sem hækkaði mest milli árána 2004 og 2005 í krónum talið. Hlutfallsleg hækkun nemur tæpum 28 prósentstigum. Fengu landsmenn um sextán milljarða króna í arð af hlutabréfaeign sinni. Arður af erlendum hluta-

bréfum hækkaði talsvert meira en annar arður, um 57 prósent, og var 1,4 milljarðar. Að mati Páls er athyglisvert hversu mikið vaxtatekjur aukast milli árána 2004 og 2005. Mikið af lausafé geti skýrt þá hækkun. Vextir af verðbréfum og innistæðum í bönkum hækkuðu á milli ára um tæpa 5,2 milljarða króna, um 37 prósent.

„Ég sé að hlutabréfaeign er að dragast saman. Skýringarnar gætu verið þær að félögum á hlutabréfamarkaði hafi fækkað og stórir aðilar geymi hlutabréfaeign sína í einkahlutafélögum, sem komi þá ekki fram á þeirra persónulega skattframtali,“ segir Páll. Hlutabréfaeign einstaklinga dróst saman samkvæmt álagningu í ár um tæpa átta prósent á milli ára. Nam hlutabréfaeignin um 43 milljörðum króna en var 47 milljarðar í fyrra.

Miðað við skattframtöl ársins 2005 nema eignir landsmanna tæpum tvö þúsund milljörðum króna. Það er 257 milljörðum meira en í fyrra og jukust eignirnar um 15,4 prósent á milli ára. Af einstökum eignaliðum hækkuðu fasteignir mest. Páll segir að tæplega 71 prósent eigna einstaklinga sé nú bundið í fasteignum.

Starfsmenn Samkeppnis- eftirlitsins vanhæfir

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins er hluthafi í Burðarási og getur ekki fjallað um samruna félagsins við Straum fjárfestingarbanka.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, hefur lýst yfir vanhæfi til að fjalla um samruna Burðaráss og Straums fjárfestingarbanka. Gylfi Magnússon, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins, segir það byggja á því að hann sé hluthafi í öðru þessara félaga. Samkvæmt heimildum Markaðarins er Páll Gunnar hluthafi í Burðarási.

Þegar forstjórinn lýsir yfir hugsanlegu vanhæfi í málum

sem þessum verða allir undir menn hans sjálfkrafa vanhæfir til að fjalla um málið. Eru þá fengnir utanaðkomandi aðilar til að vinna málið áfram. Samkeppniseftirlitið þarf að samþykkja þennan samruna áður en hann tekur formlega gildi, en hluthafar samþykktu sameiningu félaganna í síðustu viku. Fjármálaeftirlitið hefur þegar samþykkt að Burðarás sameinist Straumi.

Gylfi segir að Friðrik Már Baldursson hafi verið fenginn til að vinna að þessu máli fyrir stjórn Samkeppniseftirlitsins og sé þegar byrjaður. Hann hafi kallað til sín lögfræðing til aðstoðar og muni leggja málið fyrir stjórn Samkeppniseftirlitsins. Öll meiriháttar mál þurfi að koma til afgreiðslu stjórnar og þessi samruni flokkist væntanlega sem meiriháttar mál. -bg

8,1%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.08.2005–31.08.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-2%	4%
Bakkavör Group	-2%	78%
Burðarás	-2%	49%
Flaga Group	-6%	-39%
FL Group	-4%	47%
Grandi	1%	14%
Íslandsbanki	-1%	34%
Jarðboranir	-3%	-1%
Kaupþing Bank	-2%	33%
Kögun	-5%	15%
Landsbankinn	-4%	83%
Marel	-3%	24%
SÍF	-1%	-2%
Straumur	4%	45%
Össur	-3%	12%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Salta fisk fyrir jólaborð Portúgala

Starfsfólk vinnsluhúss Brims á Grenivík keppist nú við að framleiða fyrir jólahrotuna í Portúgal enda er saltfiskur algengur á jólaborðinu þar á landi. Allur fiskur sem unninn er á Grenivík fer á Portúgalsmarkað sem, að sögn Gunnars Aspar, verkstjóra í vinnsluhúsi Brims á Grenivík, hefur verið nokkuð erfiður að undanfögnu. Nú eru hins vegar teikn á lofti um að verð sé að þök-

ast upp á við og markaðurinn kalli nú eftir fiski. Gunnar segir að almennt séð hafi saltfiskvinnslan á Grenivík gengið vel og viðtökur kaupenda við framleiðslunni verið góðar en tæpt ár er síðan saltfiskvinnsla hófst í vinnsluhúsinu, þar sem áður var rekin bolfiskvinnsla fyrir frystingu. Fjórtán manns starfa nú að jafnaði í saltfiskvinnslu Brims.

- hhs

Magnús kaupir í Burðarási



MAGNÚS KRISTINSSON Með kaupum á bréfum í Burðarási styrkir fráfarið stjórnarformaður Straums stöðu sína í nýja félaginu, Straumi-Burðarási.

sem eigandi um þrettán prósent hlutfjár í Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka. - eþa

Stór aðili kom skriðunni af stað

Böndin berast að Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Líklegt er talið að stór aðili hafi verið kveikjan að lækunarhrinu síðustu viku þegar Úrvalsvísitalan lækkaði um tæp fjögur prósent. Beinast þar böndin einkum að Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) að sögn sérfræðinga á markaði.

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri LV, segir að lífeyrissjóðurinn hafi verið nettóseljandi að hlutabréfum í síðustu viku. „Það helgast af því að hlutabréfasafn lífeyrissjóðsins hefur stækkað mjög mikið á þessu ári vegna verulegra hækkana á hlutabréfamarkaði og því þurfum við að gæta að tilteknum hlutföllum sem okkur eru sett í lögum og

samþykktum. En í okkar stærðum var þetta ekki stórt skref og hlutabréfasafn sjóðsins minnkaði aðeins örlítið.“ Að öðru leyti vildi Þorgeir ekki tjá sig um fjárfestingar sjóðsins.

Stærsti eignarhlutur lífeyrissjóðsins á hlutabréfamarkaði liggur í KB banka. Þegar hlutahafalisti KB banka er borinn saman á milli tímabila kemur í ljós að lífeyrissjóðurinn losaði um tvær milljónir hluta frá 1. september til 16. september og nam virði þeirra yfir 1.100 milljónum að markaðsvirði. Minni breytingar urðu á hlutabréfaeign sjóðsins í öðrum skráðum félögum. - eþa



Þjóðverjar á kauphliðinni

Íslandsbanki selur útlendingum íslensk skuldabréf.

Íslandsbanki hefur einn íslenskra banka gefið sérstaklega út skuldabréf til að selja erlendum fjárfestum. Nam útgáfa Íslandsbanka tveimur milljörðum króna í fyrradag en samtals sex milljörðum þann daginn. Á tæpum mánuði hafa verið gefin út skuldabréf fyrir rúma 42 milljarða króna. Til samanburðar má áætla að innflæði vegna stóridjuframkvæmda nemi um 37 milljörðum á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins eru bréfin seld erlendum fjárfestum. Svava G.

Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá greiningu Íslandsbanka, segist ekki vita nákvæmlega hverjir kaupendur skuldabréfanna séu en það sem hún lesi almennt um þessa útgáfu í erlendum fjölmiðlum sé að stofnanafjárfestar og aðilar í einkabankabjónustu séu að kaupa þessi bréf í söfnin sín. Þeir séu einkum í Þýskalandi en einnig í Sviss. Aðilar í öðrum löndum hafi einnig komið þar að. Þetta sé þó bara lítið brot af öðrum fjárfestingum þeirra og megi kalla það fjárfestingu. - bg

Aukning í dagvöruverslun milli ára

Samkvæmt mælingum Rannsóknaseturs verslunarinnar var velta í dagvöruverslun 10,6 prósentum meiri í ágúst síðastliðnum en í sama mánuði árið 2004. Sala á áfengi jókst um 5,9% á

milli ára og velta lyfjaverslana um 9,9% á föstu verðlagi. Síðastliðið ár hefur verið dagvöru lækkað um 4,4% á meðan verðlag á áfengi og í lyfjaverslunum hefur því sem næst staðið í stað.

Ummælin sögð ærumeiðandi

Kristjáni Loftssyni hefur verið stefnt fyrir meiðyrði í fyrsta sinn á ævinni. Málið tengist átökum innan Festingar, sem er í eigu Olíufélagsins.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Ég dreg þetta ekki til baka,“ segir Kristján Loftsson í Hval, en honum hefur verið stefnt fyrir meiðyrði. Ummælin lét hann falla í Ríkisútvarpinu í tengslum við átök í Festingu, sem er félag í eigu Kers og heldur meðal annars utan um eignir Olíufélagsins. Hlutfé félagsins var aukið og aðilar óvilhallir Kristjáni og viðskiptafélögum hans náðu yfirhöndinni í stjórn félagsins. Krist-



KRISTJÁN LOFTSSON Drengur ummælin ekki til baka.

ján sagði við RÚV í vor að aðgerðin „hafi verið kolólögleg og til greina komi að fara fram á lögreglurannsókn. Brot sem þessi geti varðað allt að fjögurra ára fangelsi. ...minnihlutinn í Festingu hafi reynt að stela félaginu.“

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. Stefndandinn er Páll Þór Magnússon í Sundi ehf., sem segir að ummælin hafi vegið að æru hans með ólögætum og saknæmum hætti þar sem hann hafi meðal annarra staðið að þessari ákvörðun. Við slíkt verði ekki búið og þar sem Kristján dragi ummæli sín ekki til baka sé honum nauðugur einn sá kostur að leita til dómstóla til að fá hlut sinn réttan.

„Mér hefur aldrei verið stefnt fyrir meiðyrði áður,“ segir Kristján, sem er þekktur fyrir að segja sína skoðun umbúðalaust. „Maður er alltaf að upplifa eitthvað og ég verð þá bara að þola það. Ég vil halda því fram að þetta sé rétt sem ég sagði. Þetta stendur í lögum. En þetta fór svo fyrir hjartað á þessum greyjum að þeir sáu sér þann kostinn vænstan að fara fram á að ég



TEKIST Á HJÁ SÝSLUMANNI Hlutfjár aukningin í Festingu hefur verið mikið þrætumál, meðal annars hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Hér fara Jóhann Halldórsson, sem keypti meirihluta hlutfjár í Festingu, og Sigurður G. Guðjónsson lögmaður hans á fund hjá sýslumanninum í vor.

myndi draga þetta opinberlega til baka. Ég skrifaði þeim bréf og sagðist ekki ætla að gera það. Þá stefndu þeir mér.“

Hann segir búið að kæra þessa hlutfjáraukningu til Ríkislögreglustjóra og eitthvað hljóti að fara að gerast í málinu. Málið sé einfalt og auðvelt að afgreiða það á nokkrum dögum.

Páll fer fram á hálfa milljón króna í miskabætur, þrjú hundruð þúsund til að kosta birtingu dóms í málinu í fjölmiðlum og að málskostnaður verði greiddur.

Brunabótafélagið hagnaðist vel

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hagnaðist um 1.514 milljónir króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi. Er það mikil aukning frá árinu 2003 þegar hagnaðurinn nam 763 milljónum.

Rekstrartekjur félagsins námu 1.167 milljónum króna og hækkuðu nærri fjórfalt frá fyrra ári. Munar þar miklu að innleystur hagnaður af verðbréfum var einn milljarður króna. Rekstrargjöld voru 75 milljónir króna og

lækkuðu um 23 milljónir.

Eigið fé félagsins var fimm milljarðar en skuldir aðeins 688 milljónir.

Stærsti eignarhlutur félagsins í hlutabréfum var í KB banka sem var bókfærður á 900 milljónir króna en skuldabréfaeign var um 3,7 milljarðar króna. - eþa

KB BANKI STÆRSTA EIGNIN Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hagnaðist um 1,5 milljarða króna á síðasta ári.



Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrotnna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Hlutafjárútboð – til núverandi hluthafa

Hlutafjárútboð til núverandi hluthafa Össurar hf. hófst 19. september og stendur til klukkan 17 föstudaginn 23. september 2005.

Útboðsgengi er 81 króna fyrir hvern hlut. Alls eru 63.391.690 nýir hlutir boðnir hluthöfum sem skráðir voru í hlutaskrá félagsins í lok dags 7. september sl. Samhliða eru allt að 4.100.000 nýir hlutir boðnir stjórnendum og lykilstarfsmönnum á sömu kjörum. Heildarandvirði hinna nýju hluta er allt að 5.467 milljónir króna.

Á vef KB banka, www.kbbanki.is, er tekið við áskriftum hluthafa að nýjum hlutum og hafa þeir fengið send í pósti sérstök lykilorð til að geta tekið þátt í útboðinu.

Fyrirtækjaráðgjöf KB banka hefur umsjón með útboði til hluthafa og hefur sölutryggt það að fullu á útboðsgengi. Ráðgjafar KB banka veita upplýsingar um útboðsskilmála í síma 444 7000. Þeir munu aðstoða hluthafa milli klukkan 9 og 20 meðan á útboðinu stendur.

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá umsýjonaraðila eða útgefanda.

TUNGUÐ – upplýsingastofa



Útgefandi

Össur hf. Kennitala: 560271-0189. Höfuðstöðvar: Grjótháls 5, 110 Reykjavík. Sími: 515 1300. Vefur: www.ossur.com.

Umsýjonaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Höfuðstöðvar: Borgartún 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: www.kbbanki.is.

Tilgangur og heimild útboðs

Útboð til hluthafa er liður í fjármögnun Össurar hf. á kaupum á bandaríska stuðingstækjafyrirtækinu Royce Medical Holdings Inc. Stjórn Össurar hf. ákvað útboð til hluthafa hinn 6. september sl. og hinn 7. september sl. að bjóða stjórnendum og lykilstarfsmönnum hluti á sömu kjörum. Með þessu mun stjórnin nýta að hluta heimild hluthafafundar frá 19. ágúst 2005 til hækkunar á hlutafé. Hlutafé félagsins hækkar með forgangsréttarútboðinu um 63.391.690 hluti og með sölu til stjórnenda og lykilstarfsmanna um allt að 4.100.000 hluti. Aukning getur því numið allt að 67.491.690 hlutum eða 21,2% og útgefið hlutafé þannig farið úr 318.441.000 hlutum í allt að 385.932.690 hluti.

Forgangsréttur, framsal og umframáskrift

Hluthafar njóta forgangsréttar að nýjum hlutum og er forgangsréttur hlutfallslegur miðaður við hlutafjáreign í Össuri hf. í lok dags hinn 7. september 2005. Hluthafi hefur forgangsrétt að einum nýjum hlut fyrir hverja fulla fimm hluti í lok dags hinn 7. september. Hluthafa er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti hans og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útdeilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthafa er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Sérstakt framsalseyðublað má nálgast á útboðsvef KB banka. Til að um fullgilt framsal sé að ræða þarf það m.a. að vera undirritað af framseljanda (hluthafa) og framsalshafa (kaupanda). Til að framsalshafi geti eignast hluti á grundvelli framsalsins þarf framseljandi eða framsalshafi að skrá áskrift undir kennitölu framseljanda á útboðsvef KB banka og framsalið að hafa borist Fyrirtækjaráðgjöf KB banka fyrir klukkan 17 föstudaginn 23. september 2005. Undirritað framsal skal senda til Fyrirtækjaráðgjafar KB banka í Borgartúni 19, 105 Reykjavík eða til Ráðgjafar KB banka í Austurstræti 5, fjórðu hæð, 101 Reykjavík.

Skráning áskriftar

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á sérstökum útboðsvef KB banka á www.kbbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem hluthafi fær sent í pósti, eða með notandanafni og lykilorði í KB Netbanka.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og til 31. október 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á útboðsvefnum með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við áskrift.

Eindagi greiðslu er 4. október

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Frá 24. september má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á útboðsvef KB banka með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Greiðslufyrirmæli verða send kaupendum við lok áskriftartímabilsins, ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi swift-upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka. Greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 4. október 2005.

Hluti sem kunna að verða ógreiddir á gjalddaga má stjórn útgefanda hvort heldur sem er innheimta með dráttarvöxtum og kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

Hinir nýju hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfa-skráningu Íslands hf. þegar fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur. Eftir útgáfu verða hlutirnir afhentir kaupendum einum degi eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

Niðurstaða útboðs og skráning í Kauphöll

Allt útgefið hlutafé Össurar hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands. Útboðs- og skráningarlýsing hefur verið samþykkt af Kauphöllinni, sem og skráning hækkunar um allt að 67.491.690 hluti. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 23. september 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 26. september 2005. Skráning hlutafjárauðningar í Kauphöllinni er fyrirhuguð eigi síðar en 6. október 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.

Gott uppgjör hjá Tesco

Hagnaður stærstu smásölu-keðju Bretlands, Tesco, á fyrri hluta ársins nam rúmlega hundrað milljörðum íslenskra króna á fyrri hluta ársins. Sala Tesco, sem er einhver stærsti viðskiptavinur Bakkavarar, jókst um 14,1 prósent miðað við sama tímabil á síðasta ári. Markaðshlutdeild Tesco meðal stórmarkaða í Bretlandi er um 30,5 prósent og hefur aukist um 2,4 prósent á einu ári.

Um áttatíu prósent af tekjum Tesco komu frá sölu í Bretlandi og nam vöxturinn í Bretlandi um 8,2 prósentum. Mest söluaukning var á öðrum vörum en matvöru, svo sem fatnaði og ratfækjum. - hb



Vísitala byggingar-kostnaðar hækkar

Vísitala byggingarkostnaðar hækkar um 0,37 prósent frá fyrri mánuði og mælist 316,3 stig fyrir október miðað við grunninn 100 árið 1987. Vísitalan er reiknuð eftir verðlagi um miðjan september en hefur hækkað um 4,6 prósent síðastliðna tólf mánuði. Mest hefur vísitalan hækkað um 2,8 prósent en minnst í júlí þegar hún lækkaði um 0,2 prósent. Í september hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 0,4 prósent frá fyrri mánuði. - hb



Velja bestu ársskýrsluna

Stjórnvísí, félag um faglega stjórnun, mun í samvinnu við Kauphöll Íslands velja ársskýrslu ársins á ráðstefnu um gildi fyrirtækjamenningar í útrás sem haldin verður á Hótel Nordica hinn 22. september næstkomandi. Stefnt er að því að afhending verðlaunanna verði árviss viðburður framvegis. Markmiðið með verðlaunaafhendingunni er að vekja athygli á nauðsyn þess að vandað sé til verka við gerð ársskýrslna og undirstrika mikilvægi þeirra í upplýsingagjöf fyrirtækja. - hhs

Keyptu samkeppnis-aðila í Finnlandi

Bakkavör styður við uppbyggingu Fram Foods.

„Við keyptum samkeppnisaðila í Finnlandi,“ segir Halldór Þórarinnsson, stjórnarformaður Fram Foods, en fyrirtæki hans tilkynnti í fyrradag um kaup á einum stærsta síldarframleiðanda í Finnlandi, Boyfood Oy. Fram Foods hefur verið með söluskrifstofu í Finnlandi en nú bætist verksmiðja við starfseminna þar í landi. Fyrir er starfsemi í Svíþjóð og Frakklandi. Halldór segir kaupin koma sér mjög vel og bæta stöðu fyrirtækisins í Finnlandi og Skandinavíu allri.

Halldór segir kaupverðið trúnaðarmál en kaupin séu fjármögnuð með hlutafjárukingu

af verulegum hluta og svo láni KB banki. Bakkavör tekur þátt í hlutafjárukingunni og á nú um þrjátíu prósent í Fram Foods en átti áður níttján prósent. KB banki er með um 25 prósent eignarhlut en stjórnendur og starfsmenn rest. Halldór segir þá fara með meirihluta atkvæða í félaginu.

Fram Foods framleiðir sjávarafurðir bæði undir eigin merkjum og undir merkjum verslana. Halldór segir fyrirtækið selja til tíu af fimmtán stærstu verslanakeðjum í Evrópu. Það sé með sterk vörumerki í Finnlandi og einnig í Svíþjóð. - bg

Mikil hreyfing á fyrirtækjamarkaði

„Það er mikið fjör á fyrirtækjamarkaði og alltaf að verða líflegri. Bjartsynin er mikil í þjóðfélaginu og fyrirtækjum gengur almennt vel,“ segir Jens Ingólfsson, rekstrarhagfræðingur hjá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf. Hann segir að stór og meðalstór fyrirtæki leiti í auknum mæli eftir því að stækka og sameinast en einnig leiti fjársterkir einstaklingar að góðum tækifærum í rekstri.

Að sögn Jens seljast alls kyns fyrirtæki um þessar mundir en hann segir að ef góð heildsala með matvörur kæmi inn á borð til hans yrði hann ekki lengi að finna kaupanda að henni.

„Sumir vilja meina að verð á fyrirtækjum sé hátt miðað við England og Norðurlöndin. Ég tel að verðið sé ekki of hátt.“ Oft er miðað við að fyrirtæki gangi kaupum og sölum fyrir sexfaldan rekstrarhagnað fyrir afskriftir



ÚR SÍÐUMÚLANUM Góður gangur er í rekstri fyrirtækja og mikið líf á markaði með þau um þessar mundir. Algengt er að fjárfestar borgi sexfaldan rekstrarhagnað fyrir þokkaleg félög.

og fjármagnsliði (EBITDA). „Maður sér ekki hærra margfeldi nema fyrirtæki séu að kaupa önnur fyrirtæki og sjái mikil samlegðaráhrif.“

Hann varar þá sem eru í hugleiðingum um að kaupa fyrirtæki við að horfa eingöngu til hagnaðartalna. „Mesti vandinn er alltaf að finna hvað menn langar í.“ - eþa

Munu hafna yfirtökutilboðinu

Old Mutual hótar að ryksuga upp bréf í Skandia.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Stjórnendur Old Mutual hafa gefið það í skyn að þeir muni yfirtaka Skandia með góðu eða illu. Það gæti leitt til þess að Old Mutual ryksugi upp öll hlutabréf í Skandia sem tiggja á lausu, fallist stjórn Skandia ekki á yfirtökutilboð félagsins.

Að eigin sögn hafa forráðamenn Old Mutual tryggt sér um helming hlutabréfa í Skandia og njóta stuðnings Burðaráss og Cevian Capital sem fjárfestirinn Christer Gardell, stjórnarmaður í Skandia, stýrir.

Dagens Industri fullyrðir að stuðningur stærstu hluthafa, lífeyrissjóða og fjárfestingarféлага, við yfirtökuboð Old Mutual fari minnkandi og telur að yfir helmingur stjórnarmanna muni hafna tilboðinu. Stjórnarformaðurinn Bernt Magnusson, Björn Björnsson varastjórnarformaður og Gardell eru í minnihluta innan stjórnarinnar.

Allt bendir því til þess að slagur gæti orðið um yfirráðin í



YFIRTEKIÐ MEÐ GÓÐU EÐA ILLU Fullyrt er í sænskum fjölmiðlum að meirihluti stjórnar Skandia muni hafna yfirtökutilboði Old Mutual.

Skandia og talið er líklegt að hærra tilboð berist. Mikið veltur á því að Old Mutual tryggi sér níutíu prósent hlutafjár en þá myndast yfirtökuskylda samkvæmt sænskum lögum. Ef þrjátíu prósent eigenda í Skandia hafna tilboði Old Mutual þarf að leggja fram nýtt tilboð.

Á stjórnarfundum Skandia næstkomandi fimmtudagskvöld tekur stjórnin afstöðu til yfirtökutilboðsins. Tilboðið er á þá vegu að

fjörutíu prósent verða í peningum en restin verður greidd með nýju hlutafé. Markaðsvirði Skandia, sem er núnda stærsta fjármála-fyrirtæki Norðurlanda, er um 370 milljarðar króna miðað við tilboðið. Hluthafar sænska fyrirtækisins munu eignast um 26 prósent í Old Mutual-samstæðunni.

Gangi tilboð Old Mutual eftir er ljóst að hagnaður Burðaráss verður verulegur og gæti numið um þremur milljörðum króna.

Heildaraflí eykst á milli ára

Verðmæti norsk-íslensku síldarinnar tvöfaldast

Heildaraflí í ágúst var 83 þúsund tonn, sem er um 7,8 prósentu aukning frá sama mánuði í fyrra samkvæmt tölum frá Fiskistofu Íslands. Aukningin er

PRÓUN Á AFLAVERÐMÆTI NORSK-ÍSLENSKU SÍLDARINNAR

	Aflaverðmæti*	Heildaraflí **
2003	1.900	118.000
2004	2.200	103.000
2005	4.400	90.000

* Milljónir króna ** Þúsundir tonna Heimild: Fiskifrættir

fyrst og fremst vegna mikilla veiða á norsk-íslensku síldinni en um 39 þúsund tonn veiddust af henni, sem er tvöfalt meira magn en árið áður.

Í samantekt Fiskifrétta er gert ráð fyrir að aflaverðmæti norsk-íslensku síldarinnar hafi tvöfaldast á milli ára og það nemi um 4,4 milljörðum það sem af er ári. Blaðið áætlað að verðmætið geti aukist um 160 prósent á milli ára veiðist allur kvótinn.

Veiðar á botnfiski drógust saman í ágúst, það er á þorski og úthafskarfa, en veiðar á ýsu, karfa og ufsa jukust. Kolmunnaveiði gekk treglega og dróst saman um 70 prósent á milli ára. - eþa

spron
VERÐBRÉF

- Verðbréfasjóðir
- Verðbréfabjónusta
- Eignastýring
- Lífeyrir
- Fjármálaráðgjöf

– leið til árangurs





BENEDIKT OLGEIRSSON Tveir framkvæmdastjórar í Atorku kaupa bréf fyrir 420 milljónir króna. Þeir eru varðir gegn tapi en verða að eiga bréfin í eitt til þrjú ár.

Stórkaup eftir vikustarf

Benedikt Olgeirsson og Reimar Pétursson, sem voru ráðnir sem framkvæmdastjórar í Atorku Group fyrir viku síðan, hafa samantlagt keypt bréf í félaginu fyrir um 424 milljónir króna að markaðsvirði. Kaupin eru gerð í gegnum eignarhaldsfélög í þeirra eigu. Það er Atorka sem selur eigin bréf á genginu 6,05 sem er fimm prósentum yfir síðasta viðskiptagengi.

Þeim er skylt að eiga bréfin í eitt til þrjú ár en samhliða kaupunum var þeim veittur söluréttur á öllum bréfunum sem ver þá gegn tapi. - eþa



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON Forstjóri Fjarðaáls er nýr formaður Viðskiptaráðs Austurlands.

Tómas verður formaður

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, var í gær kosinn formaður Viðskiptaráðs Austurlands.

Viðskiptaráð Íslands ákvað fyrr í mánuðinum að stofna Viðskiptaráð Austurlands en ráðið hefur það að markmiði að auka umræðu um málefni viðskiptalífsins á Austurlandi og efla tengslanet fyrirtækja á Austurlandi. Mikill gróska hefur verið í viðskiptalífi Austurlands, einkum út af virkjanaframkvæmdum sem nú eru í hámarki. Viðskiptaráð Austurlands verður sérstök deild innan Viðskiptaráðs Íslands. Allir þeir sem stunda viðskipti á Austurlandi eða hafa áhuga á viðskiptum á svæðinu geta orðið félagar í ráðinu. - hb

Aðstoðarforstjóri hættir

Höskuldur H. Ólafsson, aðstoðarforstjóri Eimskips, hefur ákveðið að láta af störfum hjá félaginu frá og með 1. október næstkomandi. Hann hóf störf hjá Eimskipi árið 1987 og tók við stöðu aðstoðarforstjóra í júní 2004. Hann verður félaginu til ráðgjafar í nokkrum verkefnum enda þótt hann láti af störfum hjá félaginu. - hb

Ókeypis vafri án auglýsingaborða frá Opera Software

Hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software, sem býður upp á ókeypis vafra sem hægt er að hala niður beint af heimasíðu fyrirtækisins, hefur fjarlægt auglýsingaborða af vafranum og lagt niður gjald sem notendum hefur hingað til verið gert að greiða vilji þeir losna við borðann. Nú getur hver sem er farið á heima-

síðu fyrirtækisins, náð í vafrann og notað hann án þess að greiða fyrir eða verða fyrir áreiti auglýsinga. Að sögn Jóns S. von Tetzchner, framkvæmdastjóra Opera Software, mun þetta verða til þess að fleiri notendur muni uppgötva kosti vafrans hvað varðar hraða, öryggi og mikla notendamöguleika. Opera

Software er skráð félag í kauphöllinni í Osló, höfuðstöðvar þess eru einnig í Osló en þróunarmiðstöðvar eru staðsettar í Linköping og Gautaborg í Svíþjóð. - hhs

JÓN S. VON TETZCHNER, FRAMKVÆMDASTJÓRI OPERA SOFTWARE



Klæðskerasniðnar lausnir



“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.“

Arnar Snær Kárason
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

ÚTRÁSARVÍSITALA 116,17 -2,19%					
Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	11,20	Lev	38,52	-2,88%
Carnegie	Svíþjóð	97,75	SEK	8,06	1,03%
Cherryföretag	Svíþjóð	27,90	SEK	8,06	1,79%
deCode	Bandaríkin	9,38	USD	61,98	-4,67%
EasyJet	Bretland	2,93	Pund	111,75	-1,63%
Finnair	Finnland	10,96	EUR	75,23	6,83%
French Connection	Bretland	2,78	Pund	111,75	10,76%
Intrum Justitia	Svíþjóð	67,25	SEK	8,06	-3,30%
Keops	Danmörk	17,00	DKR	10,09	4,48%
Low & Bonar	Bretland	1,06	Pund	111,75	-6,00%
NWF	Bretland	5,80	Pund	111,75	4,07%
Sampo	Finnland	13,41	EUR	75,23	-2,09%
Saunalahti	Finnland	2,51	EUR	75,23	-7,40%
Scribona	Svíþjóð	15,50	SEK	8,06	-3,83%
Skandia	Svíþjóð	40,10	SEK	8,06	-5,19%
Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag					

Nike hagnast vel

Hagnaður íþróttavöruframleiðandans Nike hefur aukist um 32 prósent á tímabilinu maí til júlí, sem að miklu leyti má þakka góðri sölu í Norður- og Suður-Amríku og í Asíu.

Tekjur félagsins námu 432,3 milljónum Bandaríkjadala mánuðina maí til júní miðað við 326,8 milljónir árið 2004. Fyrirtækið á líka vörumerkin Converse og

Nike Golf en eftirspurn eftir Nike-vörumerkinu virðist enn mikil þar sem pöntunum sem liggja fyrir hjá fyrirtækinu fyrir september til janúar á næsta ári hefur einnig fjölgað um ellefu prósent miðað við síðasta ár.

Veikt gengi Bandaríkjadals hefur líka hjálpað til þar sem það ýtir undir sölu á erlendum mörkuðum. - hhs

Fá 25 ár fyrir fjárdrátt

Tveir fyrrverandi yfirmenn bandaríska stórfyrirtækisins Tyco, sem selur m.a. rafmagnstæki og plastvörur, hafa verið dæmdir í allt að 25 ára fangelsi fyrir meira en 150 milljóna dala fjárdrátt. Peningunum eyddu þeir meðal annars í dýra skartgrip, lúxusíbúðir og skemmtanahöld.

Við réttarhöldin var því haldið fram að um hefði verið að ræða lán sem gleymdist að endurgreiða sem og ósamþykktar bónusgreiðslur. Félögunum var gert að endurgreiða upphæðirnar en þeir ætla að áfrýja málinu. - hhs

Cermaq stefnir á norska markaðinn

Jafnmörg skráð sjávarútvegsfélög í kauphöllum Íslands og Noregs.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Beðið er eftir skráningu norska fódur- og eldisframleiðandans Cermaq sem áformar að fara á markað í næsta mánuði. Cermaq er eitt stærsta fyrirtæki Noregs og hefur ekki enn farið inn á hlutabréfamarkaðinn og verður sjötta sjávarútvegsfélagið í norsku kauphöllinni.

Þar með verða jafn mörg sjávarútvegsfélög á norska markaðnum og á þeim íslenska. Í byrjun árs voru fyrirtækin hins vegar tíu í Kauphöll Íslands en aðeins fjögur í norsku kauphöllinni.

SKRÁÐ SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI Á ÍSLAND

Fiskeldi Eyjafjarðar

Fiskmarkaður Íslands

HB Grandi

Icelandic Group

SÍF

Vinnslustöðin

SKRÁÐ SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI Í NOREGI

Aker Seafoods

Cermaq (20. okt.)

Domstein

Fjord Seafood

Lerøy Seafood

Pan Fish



LAXELDI Fódur- og eldisframleiðandinn Cermaq fer inn á norska markaðinn í næsta mánuði. Þar með verða orðin jafnmörg skráð sjávarútvegsfélög á Íslandi og í Noregi.

Í Morgunkorni Íslandsbanka kemur fram að markaðsverðmæti Cermaq gæti orðið um 35 milljarðar króna þegar lokið verður við að selja nýtt hlutafé í aðdraganda skráningar. Eins og sakir standa er eignarhaldið á Cermaq mjög þröngt. Norska ríkið á um áttatíu prósent hlutafjár en Fjord Seafood um tólf prósent. Ríkið hyggst með skráningunni minnka hlut sinn niður í 35 prósent.

Tekjur félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins námu um 22 milljörðum íslenskra króna og var hagnaður fyrir skatta nálægt hálfum milljarði króna. Eiginfjárstaða félagsins er sterk en eiginfjárlutfallið er um 50 prósent.

Staða Cermaq er sterk bæði í eldinu og fódurframleiðslunni.

Félagið er næststærsta laxeldisfélag heimsins á eftir Marine Harvest og því öllu stærra en Fjord Seafood og Pan Fish sem eru fyrir á norska hlutabréfamarkaðnum. Cermaq er jafnframt annað stærst í framleiðslu fódurs fyrir fiskeldi á eftir Skretting.

Fóðurframleiðslan er öllu mikilvægari en eldið, enda komu þaðan 65 prósent tekna félagsins á síðasta ári.

Helstu markaðir fyrirtæksins eru Noregur og Chile þar sem um 80 prósent tekna félagsins myndast og hafa þessir markaðir skilað góðri framlegð. Kanada og Bretland eru ennfremur þýðingarmiklir markaðir fyrir en afraksturinn þar hefur ekki verið jafn góður vegna lágs afurðaverðs og sjúkdóma.



VOLVO S40



VOLVO V50



VOLVO S60



VOLVO V70



VOLVO S80



VOLVO XC70 AWD



VOLVO XC90 AWD

LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrifur alla sem henni kynnast. Slik afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

Lifðu heilbrigðu lífi

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhjóladrifið er sjálfvirk og eitt hið fullkomnasta sem til er. Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseiginleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppföringum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC velvörðuninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC sireiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsinan í

pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Óko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.



Volvo XC90 AWD bensín. Verð frá 5.690.000 kr.*

Volvo XC90 AWD dísil. Verð 5.890.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Tesco til Bandaríkjanna?

Breska smásölukeðjan hefur sýnt bandarísku keðjunni Albertsons áhuga. Tesco rekur 546 stórmarkaði í Bretlandi og er meðal stærstu viðskiptavina Bakkavarar.

Breski smásölurísinn Tesco hyggst færa út kvíarnar og kaupa bandarísku keðjuna Albertsons. Albertsons rekur rúmlega 2500 matvöru-búðir í 37 fylkjum Bandaríkjanna. Hjá fyrirtækinu starfa 240 þúsund manns.

Albertsons hefur þó orðið undir í samkeppni við bandaríska stórveldið Wal-Mart og segir í Sunday Times að stjórn Albertsons íhugi nú að selja fyrirtækið fáist fyrir það sæmilegt verð.

Líklegt er þó að samkeppnin um Albertsons verði hörð en franska keðjan Carrefour hefur meðal annarra verið orðuð við fyrirtækið. Þá telja menn



TESCO-STÓRMARKAÐUR Tesco sækir nú inn á Bandaríkja-markað og hyggst veita smásölurísanum Wal-Mart samkeppni.

að Wal Mart sé líklegt til að sýna Albertsons áhuga, en ólíklegt sé að af verði þar sem yfirtakan stæðist ekki bandarísk samkeppnislög.

Tesco rekur 546 stórmarkaði í Bretlandi auk tæplega 650 smærri matvörubúða. Þá hefur fyrirtækið sótt um leyfi til að hefja byggingu á 185 verslunum til viðbótar.

Sérfræðingar spá því að hagnaður fyrirtækisins á fyrstu tveimur ársfjórðungum þessa árs hafi numið um hundrað milljörðum króna. Tesco er meðal stærstu viðskiptavina íslenska matvælafyrirtækisins Bakkavarar. -jsk

Fjárfestar gráta kosningaúrslit

Hlutaþréf féllu og evran veiktist eftir þýsku þingkosningar. Sérfræðingar óttast að nauðsynlegum umbótum verði ekki hrint í framkvæmd.

Verð á hlutaþréfum í kauphöllinni í Frankfurt féll um rúm tvö prósent eftir að úrslit kosninganna til þýska þingsins voru gerð kunn, þá veiktist evran gagnvart helstu gjaldmiðlum.

Segja má að kosningarnar hafi endað með jafntefli en Sósíal-demókrataflokkur Gerhard Schröder kanslara fékk rúm þrjátíu og fjögur prósent atkvæða og helsti keppinauturinn, Kristilegi demókrataflokkurinn, undir forystu Angelu Merkel, rúmu prósentu meira.

Hagfræðingar óttast að pattstaða á þýska þinginu komi til með að koma í veg fyrir að nauðsynlegum efnahagsumbótum í landinu verði hrint í framkvæmd: „Ég myndi ekki stóla á að þær umbætur sem við þurfum svo mjög á að halda komist í gegnum þingið. Maður sér til að mynda ekki fram á að

áform um flatan skatt komist í framkvæmd á þessu kjörtímabili,“ sagði Dr. Norbert Walter yfirhagfræðingur Deutsche Bank.

Rúmlega fimm milljónir atvinnulausra eru í Þýskalandi og hafa ekki verið fleiri frá því í heimsstyrjöldinni síðari. Hagvaxtarstig í landinu er með því lægsta sem gerist í Evrópu -jsk



GERHARD SCHRÖDER KANSLARI ÞÝSKALANDS Schröder vissi ekki hvort hann átti að hlæja eða gráta er úrslit þýsku þingkosninganna voru gerð kunn. Pattstaða er kominn upp í stjórnmála- og efnahagslífi landsins.



BRIAN EPSTEIN, LENGST TIL HÆGRI, ÁSAMT BÍTLUNUM „Þegar Brian dó vissi ég að þetta væri búíð. Bítlarnir voru í andarslitrunum,“ sagði John Lennon um andlát umboðsmanns síns og vinar.

Fjármálamaðurinn bak við Bítlana

Brian Epstein, umboðsmaður Bítlanna, fæddist 19. september árið 1934. Epstein var alla tíð mikill áhugamaður um tónlist; skrifaði í tónlistartímaritið Mers-ey Beat og rak hljómplötuverslun í Liverpool.

Epstein sá nafnið The Beatles í fyrsta skipti á tónleikauglýsingu og fannst það hálf asnalegt. Ekki leið þó á löngu áður en honum fóru að berast fyrirspurnir frá viðskiptavinum um upptökur frá Bítlunum en hann gat hins vegar lítið hjálpað þeim enda upptökurnar afar sjaldgæfar.

Dag einn ákvað Epstein svo að taka málin í eigin hendur, fór á tónleika sveitarinnar og var frá sér numinn af hrifningu. Bítlunum leist ekki síður vel á Epstein og úr varð að hann gerðist umboðsmaður sveitarinnar.

Epstein hafði reyndar ekki mikla reynslu af umboðsstörfum en hóf þó fljótlega að taka skjól-stæðinga sína í gegn; hann skipaði þeim að klæðast jakkafötum í stað sjúskaðra leðurjakka og níðbröngra gallabuxna, hann bannaði hljómsveitarmedlimum að reykja og neyta matar á sviðinu og bað þá um að halda blótsyrðum í lágmarki.

Epstein gerði síðar, fyrir hönd Bítlanna, útgáfusamning við Parlophone en þá hafði hljómsveitinni verið hafnað af öllum stærstu útgáfufyrirtækjum Bretlands. Skilyrðið fyrir samningnum var að Pete Best, trommari sveitarinnar, yrði látinn hætta. Epstein rak Best þá úr sveitinni og réð Ringo Starr í hans stað.

Parlophone átti ekki eftir að sjá eftir samningnum við Epstein enda Bítlarnir líklega frægasta hljómsveit allra tíma. Var sú velgengi ekki síst þökkud Epstein, sem mátti ekkert snerta án þess það breyttist í gull. Epstein kom þó ekki eingöngu nálægt Bítlunum heldur kom hann fjölda þekktra hljómsveita á kortið, til að mynda öðru Liverpool-bandi, Gerry and the Pacemakers.

Brian Epstein lést af völdum ofneyslu eiturfylla hinn 27. ágúst 1967, aðeins þrjátíu og tveggja ára að aldri. Í kjölfarið fór að síga á ógæfuhliðina hjá Bítlunum og leystist sveitin upp tveimur árum síðar: „Þegar Brian dó vissi ég að þetta væri búíð. Bítlarnir voru í andarslitrunum,“ sagði John Lennon um dauða félaga síns. -jsk



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Ársskýrsla ársins

og ráðstefna um gildi
fyrirtækjamenningar í útrás

Ráðstefna fimmtudaginn 22. september kl. 14–17 á Nordica hótél þegar verðlaun fyrir ársskýrslu ársins 2004 verða afhent í fyrsta skipti á Íslandi.



Ráðstefna á vegum Stjórnvísir
í samvinnu við Kauphöll Íslands.

FÉLAG UM FRAMSKÆKNA STJÓRNUN

Dagskrá

Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands opnar ráðstefnuna

Fundarstjóri

Sigmar Guðmundsson, sjónvarpsmaður



Frá framleiðslufyrirtæki til markaðsfyrirtækis

Gunnar Á. Beinteinsson, forstöðumaður
Sölu- og markaðssviðs Actavis



Áhrif útrásar á fyrirtækjamenningu Bakkavarar group hf

Hildur Árnadóttir, framkvæmdastjóri
fjármálasviðs Bakkavarar group hf

Hlé



Kaupthing Spirit

Pia Michelsson, forstöðumaður
eignastýringar Kaupþing Sofi Oyj



Gildi Össurar

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar hf

Geir H. Haarde fjármálaráðherra afhendir verðlaunin
fyrir ársskýrslu ársins 2004.

Verð kr. 11.500 fyrir félagsmenn Stjórnvísir og 13.500 fyrir aðra.

Skráning á www.stjornvisir.is



Microsoft ríður á vaðið með nýju Xbox-tölvuna

Xbox 360 tölvun kemur á markað hinn 22. nóvember. Von er á nýjum leikjatölvum frá Sony og Nintendo næsta vor.

Jón Skaftason
skrifar

Nýjasta útspil Microsoft, Xbox 360 leikjatölvun, kemur í búðir í Bandaríkjunum hinn 22. nóvember næstkomandi og í Evrópu tveimur vikum seinna. Vélun kemur síðan út í Japan 10. desember.

Microsoft verður þar með fyrst leikjatölvurísanna þriggja til að setja nýja leikjatölvu á markað en Sony Playstation 3 kemur í hillurnar næsta vor og Nintendo Revolution-tölvun á svipuðum tíma.

Talið er að Microsoft vilji með því að setja tölvuna á markað núna ná forskoti á keppinautana. Playstation 2 tölvun frá Sony kom á sínum tíma út tæpu ári á undan Xbox-tölvunni frá Microsoft og telja forsvarsmenn fyrirtækisins það hafa orðið til þess að Sony-tölvun seldist margfalt betur.

Microsoft leggur mesta áherslu á að auka markaðshlutdeild sína í Japan en þar seldust aðeins um fimm hundruð þúsund eintök af Xbox 1 vélinni samanborið við átján milljónir Playstation 2 tölva og fjórar milljónir Nintendo Gamecube-leikjatölva: „Vaxtartækifærin eru fyrir hendi í Japan og við hyggjumst færa okkur þau í nyt. 360 tölvun mun leggja Japan að fótum sér,“ sagði Yoshihiro Maruyama hjá Microsoft í Japan.

Hægt verður að fá tuttugu leiki í Xbox 360 tölvuna til að byrja með og er von á tuttugu til viðbót-



XBOX 360 GRANNT SKOÐUÐ Xbox-leikjatölvun kemur á markað fyrir jóln. Helsta markmið framleiðandans, Microsoft, er að auka markaðshlutdeild sína í Japan.

ar fyrir áramót: „Það ættu allir að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi, við munum bjóða upp á fjölbreytt úrval leikja,“ sagði Robbie Bach, yfirmaður Xbox-deildar Microsoft.

Vistaskipti Síberíu-tígra

Fjórir Síberíu-tígrar verða sendir frá Kína til Simbabve. Tígrarnir eru vanir að hafast við í snjó og kulda.

Ríkisstjórn Simbabve mun á næstunni flytja inn fjóra Síberíu-tígra frá Kína. Markmiðið með flutningunum er að auka útbreiðslu Síberíu-tígra en þeir eru í mikilli útrýmingarhættu.

Tígrarnir munu hafast við í Hwange-þjóðgarðinum sem er fimm hundruð kílómetra vestur af höfuðborginni Harare.

„Það eru engir Síberíu-tígrar í Simbabve og ég tel þá góða viðbót við dýraflóruna í land-

inu. Samband okkar við Kín-verja hefur alla tíð verið gott og ég tel skiptin til þess

fallin að bæta það enn frekar,“ sagði Francis Nhema, ferðamálaráðherra Simbabve.

Ekki voru þó allir jafn ánægðir með vistaskipti tígranna. Líf-fræðingurinn Peter Mundy hjá ríkisháskólanum í Bulawayo sagði hugmyndina fíranlega: „Síberíu-tígrar eru vanir að hafast við þar sem er snjór meira og minna allt árið. Manni finnst eins og Mugabe forseti vilji með þessu koma sér í mjúkinn hjá Kín-verjum.“ -jsk

**SÍBERÍU-TÍGRAR
TAKAST Á**



Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig

Skipasendingar

Flugsendingar

Hraðsendingar

Vörumiðstöð

Tollafrgreiðsla

Akstursþjónusta

Útflutningur

JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlandis og erlendis. Þétttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flyti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.



-um víða veröld
Kjalarvogi • Sími 535 8000
jonar@jonar.is • www.jonar.is

Fjandvinur Parisar Hilton í fangelsi

Tölvuhakkari olli tugmilljóna skaða.

Unglingur sem braust inn í farsíma glamúrgellunnar Parisar Hilton hefur verið dæmdur í ellefu mánaða fangelsi. Dóminn fékk hann fyrir margvíslegt tölvuhakk; meðal annars fyrir að brjótast inn í tölvukerfi fjarskiptafyrirtækisins T-Mobile. Tjón vegna uppátækja pilsins er metið á rúmar sjötíu milljónir króna.

Réttarhöldin fóru fram í Massachussetts-fylki og sendi Michael Sullivan, dómari í málinu, tölvuhökkurum skýr skilaboð: „Tölvuhakk er ekki bara saklaus skemmtun eins og sumir virðast halda. Hakkarar geta valdið miklum skaða, eins og best sést í þessu máli.“

Unglingurinn var undir



PARIS HILTON Í SVIÐSLJÓÐ- INU Unglingur sem braust inn í síma glamúrgellunnar hefur verið dæmdur. Hann fær ekki að fara á internetið í tæp þrjú ár.

Gróðurhúsaáhrif valda fellibyljum

Fellibyljum fjölga og þeir verða sífellt kraftmeiri segir í nýrri rannsókn vísindamanna við Georgia Institute of Technology í Atlanta í Bandaríkjunum.

Í skýrslu vísindamannanna kemur fram að sjötíu prósent aukning hafi orðið á alvarlegum fellibyljum á árunum 1990 til 2004, ef miðað er við fjórtán ára

tímabil á undan. Fellibyljir draga kraft sinn frá heitum sjónum og telur Dr Peter Webster, sem fór fyrir vísindamönnunum, að aukna tíðni fellibylja megi rekja til hækkunar hitastigs sjávar: „Hitastig sjávar hefur hækkað á liðnum árum og ég tel næsta víst að það megi rekja til gróðurhúsaáhrifa.“ -jsk

Það er til öruggari leið til að geyma gögnin

SecurStore

– sjálfvirk, örugg netafritun

SecurStore afritunarlausnin er örugg afritunar- og endurheimtarþjónusta fyrir netkerfi fyrirtækja og stofnana. SecurStore geymir öll gögn fyrirtækisins í öruggri gagnamiðstöð og tryggir um leið hraðvirka endurheimt þeirra.

Engar spólur

Enginn stofnkostnaður

Háþróuð dulkóðun

Hröð endurheimt gagna

Vöktun 24/7

SECURSTORE

BUSINESS BACKUP GUARD

Microsoft CERTIFIED Partner

575 9200 | www.securstore.is

Mobile Office

FRÁ OG VODAFONE

Alltaf í netsambandi með Mobile Connect

Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

- » Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
- » Þú getur alltaf sent SMS
- » Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
- » Þú getur alltaf vafrað á netinu
- » **Mobile Connect** notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtt niðurlagi og lækkar kostnað viðskiptavina.

Mobile Connect er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalíf sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



EINNIG VÆNTANLEGT

OKTÓBER

BlackBerry frá Vodafone

NÓVEMBER

Global Hotspots

DESEMBER

Vodafone World

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is



Heyrumst!



LATIBÆR TIL BANDARÍKIJANNA „Útflutningur á vöru og þjónustu er langoftast upphafið að viðamikilli alþjóðlegri starfsemi íslenskra fyrirtækja,“ segir í Straumhvörfum. „Bróðurpartur íslenskra útrásarfyrirtækja hóf alþjóðlega starfsemi sína með því að bjóða vörur eða þjónustu, sem framleiddar voru á Íslandi, á stærri mörkuðum.“

Forðumst skransölur í útlöndum

Ef stærstu útrásarfyrirtækin vaxa eins og þau virðast stefna að má ætla að velta fimm stærstu fyrirtækjanna og dótturfélaga þeirra geti orðið tvö til þrjú þúsund milljarðar innan fárra ára. Þetta kemur fram í nýrri bók, Straumhvörf, eftir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands. *Björgvin Guðmundsson* spjallaði við höfundinn.

„Þegar ég hef rætt við útlenda aðila sem þekkja vel til útrásar íslenskra fyrirtækja kemur í ljós að þeir eru hrifnir af íslensku snerpunni. Hún er að smitast til annarra landa. Menn eru hrifnir af því að eiga viðskipti við aðila sem hafa minni áhuga á formlegum ferlum og meiri áhuga á að klára mál. Auðvitað getur snerpan komið okkur í koll, en þó hefur aðkoma bankans tryggt ákveðna fagmennsku á þessum sviðum samhliða snerpunni,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Á morgun kemur út bókinn Straumhvörf eftir Þór. Í henni fjallar hann um útrás íslenskra fyrirtækja og innrás erlendra fjárfesta til Íslands. Áður hefur Þór skrifað tvær bækur um stöðu Íslands; Örríki á umbrotatímum og Landnám – útrás íslenskra fyrirtækja. Síðarnefnda bókinn kom út árið 2000. „Bókin Landnám kom út stuttu áður en útrásarbylgjan skall á okkur af krafti. Á þeim tíma var ákveðin vending að eiga sér stað í útrásinni en ég er sannfærður um að það er líka að eiga sér stað vending um þessar mundir. Útrásin er orðin meira hraðbraut í báðar áttir, inn og út. Það er fullt af tækifærum sem skapast við þessar aðstæður en við getum líka ennþá orðið land hinna glötuðu tækifæra ef við sofnum á verðinum.“

FORÐUMST SKRANSÖLURNAR

Þór segir að íslensku bankarnir hafi í upphafi útrásarinnar hlúð vel að aðilum sem voru með áætlanir um kaup eða samruna vel rekinna fyrirtækja. Það hafi gengið vel. „Á niunda áratugnum og fyrr höfðum við Íslendingar leitað uppi fyrirtæki á útsölum. Um aldamótin hættum við á útsölum og keyptum góð fyrirtæki. Núna má sjá merki þess að við erum farin að stunda útsölurnar að nýju, að kaupa mikið fyrir lítið – svipað og einkennisorð Miklagarðs voru í gamla daga. Nú eru fleiri dæmi um að fyrirtæki séu keypt sem hafa lengi verið rekin með tapi. Það hefur reynst okkur mjög erfitt að kaupa fyrirtæki með vansvefta stjórnendur, óánægða birgja, ósátta

viðskiptavini og fjárhag sem hefur verið tæpur mjög lengi. Ég sé merki þess að þetta er að aukast,“ segir Þór og varar við þessari þróun. Íslendingar eigi að forðast skransölurnar þegar þeir kaupi fyrirtæki í útlöndum.

Í flestum nágrannalöndum eru erlendir fjárfestar umsvifameiri en á Íslandi. Þór segir ástæður eins og lítið land og lítinn gjaldmiðill heyrast þegar þetta er útskýrt. Hann segir að önnur ástæða kunni þó að liggja meira í viðhorfum okkar sjálfra. Verulegar takmarkanir séu á möguleikum útlendinga til að fjárfesta hérlandis. Þeir megi ferðast hér um en okkur sé minna um það gefið að þeir sýni fyrirtækjum okkar, landi eða auðlindum áhuga.

Þór segir hömlurnar birtast í almennum takmörkunum á eignarhaldi útlendinga í fyrirtækjum, margvíslegri síun stjórnvalda og hömlum á vinnu útlendinga og starfsfrelsi fyrirtækjanna sjálfra. Helst séu hindranir í fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi og orkuframleiðslu. Fyrir því séu færð pólitísk rök. Þessu þurfi að breyta til að koma á fjölþjóðlegri fyrirtækjamenningu. Aðkoma erlendra fjárfesta að fyrirtækjum auki arðsemi þeirra, erlent fjármagn veiti aðhald varðandi val á fjárfestingarkostum og tengingin við útlönd gefi fyrirtækjunum aukna möguleika á að tengjast alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.

ÞYÐINGARMIKLAR HÖFUÐSTÖÐVAR

„Það að missa höfuðstöðvar fyrirtækja úr landi er mun þýðingarmeira en menn gera sér grein fyrir. Höfuðstöðvar skipta öllu máli varðandi það að halda þekkingunni innan landsins – koma í veg fyrir svokallaðan speikleka. Með höfuðstöðvunum fylgir forstjórnin. Með forstjóranum fylgir margs konar stoðþjónusta, rannsóknarstarfsemi og fleira. Þetta skiptir miklu máli,“ segir Þór.

Að hans mati dregur úr líkum á því að Ísland verði að eins konar útibúalandi ef öflug fyrirtæki eru starfrækt hér á landi. Þróunin í sumum minni löndum Evrópu hafi orðið í þá átt eins og í Portúgal. Þar séu rekin útibú frá

Madrid. Flest fjölþjóðleg fyrirtæki hafi höfuðstöðvar sínar og þýðingarmestu rannsóknarstarfseminna á sama stað. Skapa þurfi umhverfi á Íslandi sem laði að fyrirtæki en fæli þau ekki í burtu sökum óhagstæðra rekstrar-skilyrða, ýmissa hafta, skorts á sérhæfðu vinnuafla og aðstöðuleysis fyrir erlenda starfsmenn sem hingað þyrftu að flytja.


AF HVERJU ÚTRÁSARÞJÓÐ?

Í bókinni reynir Þór að svara þeirri spurningu hvers vegna Íslendingar séu útrásarþjóð og segir margar skýringar hafa verið gefnar. EES-samningurinn og markaðssinnuð stjórnvöld síðasta rúman áratug hafi haft mjög mikið um það að segja, en ljóst sé að engin ein skýring sé á því. Íslendingar virðist framtakssinnaðir og innlendir fjárfestar séu tilbúnir að taka verulega áhættu meðan vel gangi. Ein skýringin sé sú að stjórnendur íslenskra fyrirtækja séu með meiri reynslu erlendis en starfssystkin þeirra í öðrum löndum.

„Einn helsti drifkraftur hnattvæðingar íslenskra fyrirtækja er bakgrunnur og viðhorf stjórnenda fyrirtækjanna og þeirra fjárfesta, sem eru bakhjarlar þeirra. Vegna smæðar landsins og legu er umheimurinn að sumu leyti nær okkur en hjá stærri þjóðum,“ segir á einum stað í Straumhvörfum.

ÁHRIF Á NÝJAR KYNSLÓÐIR

Aðspurður segir Þór margt drífa hann áfram í að skrifa. Eitt af því sé að margir nemendur á háskólastigi lesi bækurnar, sem sé mjög gaman. „Þá finn ég að þetta hefur áhrif á nýja kynslóð. Það er fyrst og fremst hún sem á að lesa þetta því hún þarf að stuðla að breytingum. Hún þarf að sumu leyti að losa okkur við útrásar- og útflutningshugtakið, hugsa minna um landamærin, afnema höft á fjárfestingar útlendinga hérlandis og fordóma sem við höfum gagnvart öðrum vegabréfum en þeim íslensku. Náum við því liggur framtíðin vel fyrir okkur,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTYRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun **vegur þungt**
– og þar erum við á toppnum!

8,2%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

*Nafnávöxtun frá 1. ágúst 2005 - 31. ágúst 2005 á ársgrundvelli





ÞÓR SIGFÚSSON Höfundur bókarinnar *Straumhvörf* og framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Straumhvörfin

Þór Sigfússon segir í lok bókarinnar *Straumhvörf* freistandi að reyna að meta hvað muni einkenna fjárfestingar fyrirtækja utan Íslands á næstunni og erlenda fjárfestingu hérlandis. Nefnir hann sex meginstrauma í því sambandi:

FÆRUMST AUSTAR

Við færumst smám saman austar á bóginn, segir Þór. Tækifærin í Austur-Evrópu séu mikil og mörg þessara landa séu að leggja grunn að mjög samkeppnishæfu rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og flötum skatti og minni skriffinnsku. Enn austar verði einnig tækifæri sem við munum nýta en þau skref verði þó tekin hægar. Meiri óvissa sé um útrás íslenskra fyrirtækja til Bandaríkjanna.

KLASAR MYNDAST

Fjölbreytni fjárfestinga erlendis muni aukast en fjárfestingar og umsvif á tilteknum sviðum, eins konar klösun, muni þó eflast hlutfallslega meira. Íslenskir bankar muni áfram fylgja stærstu viðskiptaaðilum sínum og eigendum eftir í fjárfestingum. Bankarnir hafi aflað sér sérþekkingar á þeim sviðum sem þessir aðilar hafi sérhæft sig á.

INNDRÁSIN EYKST

Þór spáir því að innrás útlendinga í íslenskt viðskiptalíf muni aukast. Samfara því verði fyrirtækin enn hnattvæddari; margvísleg markaðstengsl skapist og fjölbreytni aukist. Móðurlandið muni skipta minna máli en áður um leið og erlendir fjárfestar komi inn í fyrirtæki með íslensk-
an bakgrunn. Þess vegna verði að gera meiri kröfur um að á Íslandi sé rekstrarumhverfið sem allra best í samanburði við önnur lönd.

ÞEIR STÓRU STÆKKA

Þeir stóru munu stækka að mati Þórs. Það sé vel þekkt þróun annars staðar og ekkert bendi til að öðru máli gegni um íslenska athafnamenn en útlenda. Þessir fjárfestar muni leggja kapp á að leita nýrra tækifæra; sumir muni breikka eignakörfu sína og fjárfesta í erlendum fasteignum og innviðum. Aðrir muni færa út kvíarnar til áhættusamari landa.

LÍTIL FYRIRTÆKI Á TÍMAMÓTUM

Gífurleg tækifæri eru í útrás fyrir lítil fyrirtæki á komandi árum sem Þór segir að þau þurfi að nýta. Þau fyrirtæki kunni að verða síður spennandi valkostur fyrir stóru íslensku bankana. Litlu fyrirtækin kunni því að eiga á brattann að sækja í fjármögnun og þurfi að sýna framúrskarandi áætlanir og fagmennsku. En tækifærin liggi einnig í því að þau geti haft vaxandi hag af því að þjóna stórfyrirtækjunum og fylgja þeim eftir í útrás sinni.

GERUM MISTÖK

Þór segir að loks sé ljóst að eðlilega þurfi um við að búa okkur undir að mistök eigi sér stað og umtalsverðir fjármunir tapist. Það sé eðlilegt í viðskiptum. Fjárfestingar séu áhættusamar og meiri áhætta sé fölg-
in í fjárfestingum á nýjum mörkuðum. Snerpa sé góð og hún einkenni áfram íslenska fjárfesta í samruna og yfirtöku yfir landamæri. Þeir muni þó bestum árangri ná sem hafi tileinkað sér þekkingu og fagmennsku samfara áráði.

Hlaupabretti fyrir spikfeitan fil

Fíllinn Maggie á við offituvanda að stríða. Vonast er til þess að Maggie fái til að skokka sér til skemmtunar á sérsmíðuðu hlaupabretti.

Starfsmenn dýragarðsins í Anchorage í Alaska vinna þessa dagana að því að koma upp sérsmíðuðu hlaupabretti fyrir fíllinn Maggie, sem stríðir við offituvanda.

Hlaupabrettið vegur átta þúsund kíló og er rúmlega sex metra langt: „Það lítur nákvæmlega eins út og hlaupabretti fyrir fólk, nema það er risastórt,“ sagði Patrick Lampi, aðstoðarframkvæmdastjóri dýragarðsins.

Maggie er tuttugu og þriggja ára og upp-
runalega frá Simbabwe. Hún hefur dvalið í

dýragarðinum í Anchorage í tæp átta ár.

Veturnir í Alaska eru langir og kaldir og erfiðlega gengur að fá Maggie til að hreyfa sig í kuldanum: „Maggie á við smá vanda að stríða. Í rúmt ár höfum við reynt að fá hana til að léttast, meðal annars látið hana leita að mat svo hún fái nú einhverja hreyfingu, blessunin,“ sagði Lampi.

Maggie vegur rúm fjögur tonn og hefur lést um fimm hundruð kíló frá því hún hóf megrunarkúrinn. -jsk



flugfelag.is | 570 3075



einbeiting - vinnufriður - hópefli - árangur - upplifun - þælingar - afköst - stemning - hugmyndir - skemmtun - úrvinnsla - fyrirtæki - starfsmenn - félög - samtök



fundar

FRIDUR

Parf vinnuhópurinn vinnufrið?

Það er stundum nauðsynlegt að komast frá hinum daglega vinnustað til að ná betri einbeitingu og meiri árangri. Með því að nota Fundarfrið Flugfélags Íslands gefst starfsmönnum fyrirtækja kostur á að fara til allra áfangastaða Flugfélags Íslands, innanlands, og nýta sér þá frábæru aðstöðu sem nú býðst hvarvetna, til fundahalda með viðskiptavinum eða vinnufunda starfsmanna, og til afþreyingar af öllu tagi að fundi loknum. Skoðaðu möguleikana fyrir þitt fyrirtæki í síma 570 3075, á vefsíðunni www.flugfelag.is eða sendu fyrirspurn á hopadeild@flugfelag.is (Lágmarksfjöldi er 10 manns.)

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Taktu flugið



**FRAMKVÆMDASTJÓRAR
VÖRUPRÓUNAR OG
FORSJÓTRI FYRIR UTAN
HÖFUÐSTÖÐVAR MARELS Í
GARÐABÆ**

Frá vinstri: Jón Þór Ólafsson,
framkvæmdastjóri
vöruþróunar, Hörður Arnarson
forstjóri og Ásgeir Ásgeirsson,
framkvæmdastjóri
vöruþróunar.



Fréttablaðið/Valli

Hátæknifyrirtækið Marel *sæk*

Allt frá árinu 1977 hefur Marel unnið að þróun og gerð tækja til matvælavinnslu. Nýjustu tæki fyrirtækisins eru vélmenni sem koma eiga að hluta til í stað hins vinnandi manns. *Hjálmar Blöndal* kynnti sér sögu og vöruþróun fyrirtækisins og ræddi við stjórnendur.

Hátæknifyrirtækið Marel kynnti á dögum vélmenni sem eiga að hluta til að koma í stað mannshandarinnar við matvælavinnslu. Þessi nýja tækni er enn eitt skrefið í vöruþróun Marels en sögu hennar má rekja til verk-efnis sem tveir verkfræðinemar unnu við Háskóla Íslands árið 1977.

Síðan þá hefur fyrirtækið orðið leiðandi hátæknifyrirtæki í þróun og gerð tækja sem notuð eru til matvælavinnslu bæði hér á landi og erlendis. Vélmennin eru þó ekki síðasta

skrefið í vöruþróun fyrirtækisins heldur ætla-
r fyrirtækið sér stærri hluti og hefur ætlan-
ir um að verða leiðandi í samruna í sinni iðn-
grein á næstu árum.

FRÁ TÖLVUVOG TIL VÉLMENNIS

Fáa grunaði að sú vinna sem tveir verkfræðinemar unnu innan Háskólans fyrir nærri þremur áratugum myndi síðar meira skapa eitthvert stærsta hátæknifyrirtæki landsins. Marel einbeitti sér í fyrstu aðeins að lausnum

fyrir sjávarútveg en í dag má skipta vörum fyrirtækisins í þrjá flokka eftir því fyrir hvaða greinar matvælavinnslunnar þær eru framleiddar. Allar vörur fyrirtækisins eiga það sameiginlegt að þær framleiða vörur fyrir hinn svokallaða próteiniðnað. Það er matvælavinnsla á próteinríkum matvælum, fiski og kjöti.

Í fyrsta lagi eru þær vörur sem framleiddar eru fyrir sjávarútveg. Í öðru lagi eru þær vörur sem framleiddar eru fyrir vinnslu á

BROT ÚR SÖGU MARELS

1977 – SKÝRSLA UM SJÁLFVIRKNI Í FISKVINNSLU LÖGGÐ FRAM Rögnvaldur Ólafsson og Þór Vigfússon á Raunvísindastofnun skrifuðu skýrslu um arðsemi þess að sjálfvirknivæða í fiskvinnslu með tölvutækni.

1979 – FYRSTU VOGIRNAR FRAMLEIDDAR HJÁ FRAMLEIÐNI HF. Fyrstu rafeindavogirnar framleiddar undir vörumerkinu Marel.

1983 – MAREL HF. TEKUR TIL STARFA Marel hf. er formlega stofnað í Reykjavík. Samvinnuhreyfingin var lykilaðili í stofnun fyrirtækisins en meðal stofnaðila var dótturfyrirtæki Sambandsins í sjávarútvegi.

1985 – FYRSTA VOGIN FYRIR SKIP Marel selur Norðmönnum fyrstu vogina sérstaklega hannaða fyrir skip þar sem fiskur er unninn um borð.

1988 – ÚTFLUTNINGUR NÆR FÓTFESTU Útflutningur á vörum Marels er orðinn 77 prósent af tekjum fyrirtækisins.

1989 – SOVÉTMENN KAUPA 100 VOGIR Sovétmenn kaupa 100 vogir af Marel.

1978 – HÁSKÓLANÁM OG HUGMYNDIR Tveir verkfræðinemar við Háskóla Íslands þróa tölvutækni til að fiskvinnsla verði sjálfvirkari og þróa sérstakar rafeindavogir fyrir sjávarútveg.

1982 – ÚTFLUTNINGUR HEFST TIL BANDARÍKJANNA Fyrsta vogin flutt út til Bandaríkjanna.



1984 – ÚTFLUTNINGUR HEFST TIL NORR-EGS Fyrstu vogakerfin sett upp í Noregi. Frá 1982 hafði verið unnið að þróunarverkefnum í Noregi.

1985 – MAREL STOFNAR FYRSTA DÓTTURFÉLAGIÐ ERLENDIS Marel stofnar Marel Equipment Inc. í Kanada. Félagið er í Halifax á Nova Scotia á austurströnd Kanada og starfar þar enn.

1988 – VÖRUR FYRIR KJÚKLINGAUFURÐIR Marel flytur út til Nýja-Sjálands fyrstu vörur fyrirtækisins sérhannaðar fyrir kjúklingavinnslu.

1990 FYRIR leiðir vél fyrir salt vél fy norsk

ALÞJÓÐLEGI HJARTADAGURINN

[25. september 2005]



EÐLILEG ÞYNGD OG GOTT FORM

Fólk sem er of þungt innbyrðir fleiri hitaeningar en það brennir. Þetta er ekki flóknara en svo. Fólk sem vill létta sig þarf að brenna fleiri hitaeningum en það innbyrðir. Hver einstaklingur ætti að stefna að því að ná eins konar orkujafnvægi þegar kemur að hitaeningum. Eina raunhæfa leiðin til að létta sig er breyta mataræði og hreyfa sig reglulega. Forðist kúra þar sem óraunhæfum árangri er lofað. Forðist kúra sem snúast um að útiloka fæðutegundir og svelti. Árangur næst með ástundun til lengri tíma og munið; góðir hlutir gerast hægt. Þau kíló sem fara af með þessum hætti hafa líka minni tilhneigingu til að koma aftur.



HEILBRIGÐI Í VÍÐUM SKILNINGI

Að vera heilbrigður er ekki bara að „vera ekki lasinn“ heldur miklu fremur spurning um hvernig lífsstíl við temjum okkur. Að lifa heilbrigðu lífi er að hreyfa sig reglulega, borða hollan mat og muna að borða oftar en minna. Fimm til sex máltíðir á dag. Gamla klisjan heilbrigð sál í hraustum líkama er einfaldlega enn í gildi. Þeir sem lifa heilbrigðu lífi lifa líka að öllu jöfnu lengur. Alþjóðlegi hjartadagurinn er haldinn hátíðlegur á hverju ári. Núna má sjá yfirskriftina í fyrirsögn greinarinnar hér að ofan. Ef fólk nær þessum markmiðum, kjörþyngd eða heilbrigðri þyngd og kemur sér í form minnka verulega líkur á margs konar sjúkdómum. Líkur á hjarta- og æðasjúkdómum aukast mjög mikið ef fólk er of þungt og hreyfir sig lítið. Þannig er manneskja sem er yfir kjörþyngd tvisvar til sex sinnum líklegri til að fá of háan blóðþrýsting. Sama er að segja um áunna sykursýki. Áttatíu prósent þeirra sem eru með sykursýki II eru fólk sem er langt yfir kjörþyngd. Bætum svo reykingum við offituna og hreyfingarleysið og þá fáum við banvæna blöndu, sem flestir í dag þekkja orðið.



KONUR OG BÖRN EKKI UNDANSKILIN

Hjarta- og æðasjúkdómar eru því miður ekki bara „karlasjúkdómar“. Börn sem eru of þung í uppvextinum búa við margfalt auknar líkur á hjartasjúkdómum síðar á lífsleiðinni, samanborið við jafnaldra sem ekki eru of þungir. Konur eru einnig í áhættuhópi eins og kemur fram hér á þessum síðum. Þær fá hjartasjúkdómama að öllu jöfnu síðar á lífsleiðinni, en þegar verður vart við þá er það iðulega alvarlegra en hjá körlunum. Konur hafa finna æðakerfi og oft er því erfiðara að bregðast við sjúkdómunum.



EITTHVAÐ STRAX!

Ef þú hreyfir þig ekki reglulega, breyttu því strax. Farðu út að ganga og mættu í eina af fjölmörgum hjartagöngum á Íslandi á sunnudaginn. Þetta snýst ekki um að ganga endilega svo lengi. Hálf tími á dag er flott byrjun. Ef þú treystir þér ekki strax til að fara að ganga, dreptu þá í sigarettunni og hættu að reykja. Gerðu það fyrir börnin og barnabörnin. Ef þú reykir ekki, hættu þá að borða eftir kvöldmat. Þú léttist hressilega á nokkrum vikum ef þú stendur við það heit. Eðlileg þyngd og gott form er nokkuð sem við ættum öll að stefna að til frambúðar.



ÁHÆTTUMAT MEÐ TILLITI TIL HJARTASJÚKDÓMA » *Mittismálið lýgur ekki*

Mjög einföld leið til að fá gróft mat á hversu mikilli áhættu þú ert í að fá hjarta- og æðasjúkdóm, er að taka mittismálið. Mælt er rétt fyrir ofan nafla og ef um er að ræða karlmann er viðmiðið 94 sentimetrar. Ef mittismál þitt er meira en það ertu kominn í væga áhættu. Fari mittismálið yfir 102 sentimetra eykst áhættan verulega. Fyrir konur er viðmiðið 80 sentimetrar sem bendir til aukinnar áhættu á hækkandi blóðþrýstingi og kólesteróli. Ef mittismálið er yfir 88 sentimetrar eykst áhættan til muna. Hins vegar er það jákvætt við allar þessar mælingar að hægt er að breyta öllum þessum niðurstöðum með því að taka upp heilbrigðara líferni og minnka mittismálið.





ALÞJÓÐLEGI HJARTADAGURINN [25. September 2005]

GÖNGUR OG HJARTARÓS

Að venju verður efnt til hjarta- og fjölskyldugöngu víða um land í tilefni af þessum degi. Lyf og heilsa ásamt Flexor-göngugreiningu, Suðurlandsbraut 34, eru aðalstyrktaraðilar dagsins. Þá hefur Subway styrkt samtökin veglega á þessum degi og á sjálfan hjartadaginn, sunnudaginn 25. september, getur almenningur styrkt samtökin með því að fara á Subway og kaupa sér bát í floknum 7 undir 6, en það eru heilsubátar hjá Subway. Þennan dag gefa Subway-staðirnir andvirði allrar sölu á þessum bátum til samtakanna. Við hvetjum alla til að fara á Subway á sunnudaginn og styðja við bakið á Hjartaheill. Lyf og heilsa styður vel við bakið á samtökunum með því að gerast aðalstyrktaraðili dagsins og gerir það okkur kleift að kynna daginn og skipuleggja þær upptökur sem í boði verða. Hjarta- og fjölskyldugangan á höfuðborgarsvæðinu verður að þessu sinni í Kópavogi og verður lagt af stað frá Heilsugæslu Kópavogs við Smáralind klukkan 14. Gengið verður niður í Kópavogsdalinn og verður Björn Þorsteinsson sagnfræðingur leiðsögumaður. Hann mun fræða göngufólk um sögu svæðisins bæði fyrr og nú. Gengnir verða tveir til þrír kílómetrar. Fyrirtæki sem selja hjartarafstuðstæki kynna vöru sína í Smáralindinni í tilefni dagsins. Aðalfundur Hjartaheilla á Austurlandi verður haldinn klukkan 14 á Hótel Bjargi á Fáskrúðsfirði. Fólk er hvatt til að mæta á fundinn að aflokinni göngu. Hjartaheill á Eyjafjarðarsvæðinu efnir til hjarta- og fjölskyldugöngu og hefst hún klukkan 10.30 á sunnudag. Gengið verður frá bílastæðinu hjá Subway. Félagar í Hjartaheill í Þingeyjarsýslum hafa ákveðið að hittast á hefðbundnum stað á Húsavík. Lagt verður upp frá sundlaug Húsavíkur klukkan 14 sunnudaginn 25. september. Á Vestfjörðum eru tvær göngur skipulagðar. Á laugardag er hjarta- og fjölskylduganga í Bolungarvík og verður gengið frá sundlauginni og lagt í hann klukkan 10 um morguninn. Á sunnudeginum er verður gengið á Ísafirði. Gengið verður frá sjúkrahúsinu og haldið af stað klukkan 14. Hjartaheill á Suðurnesjum hefur skipulagt göngu frá Sundmiðstöð Keflavíkur og hefst gangan klukkan 11.

HJARTARÓSIN

Í tilefni dagsins verður hjartarósinn seld víða til styrktar samtökunum. Lyf og heilsa mun selja rósina í verslunum sínum á höfuðborgarsvæðinu og einnig verður rósinn til sölu í Smáralind. Allur hagnaður af sölu rósarinnar rennur til Hjartaheilla.

Evrópsku hjartasamtökin senda frá sér alvarlegar athugasemdir »

SKYLDULESNING FYRIR KONUR

Þegar kemur að hjarta- og æðasjúkdómum eru konur mjög ólíkar körlum og evrópsku hjartasamtökin leggja á það þunga áherslu að það sé afar hæpið að yfirfæra rannsóknaniðurstöður sem fengnar eru með rannsóknum á körlum, yfir á konur. Allar ákvarðanir um meðferð kvenna vegna hjarta- og æðasjúkdóma ættu að vera teknar á grundvelli rannsóknaniðurstöðna sem byggja á rannsóknum á konum. Þær upplýsingar sem hér eru settar fram eru hluti af niðurstöðum úr alþjóðlegum starfshópi sérfræðinga á vegum evrópsku hjartasamtakanna.

BREYTINGASKEIÐIÐ ÁHRIFAVALDUR

Í fyrsta lagi er rétt að benda á að hormónið esterógen verndar konur fyrir hjarta- og æðasjúkdómum fyrir breytingaskeiðið. Af þessum sökum koma hjarta- og

æðasjúkdómar um tíu árum síðar á lífsleiðinni, að jafnaði, hjá konum en körlum. Þetta þarf þó ekki að þýða að sjúkdómurinn geti ekki byrjað að búa um sig fyrr á æviskeiðinu, eða fyrir breytingaskeiðið.

ÖNNUR EINKENNI SJÚKDÓMSINS

Allir þekkja lýsingar á hinum nístandi sársauka í brjóstholi og út í handlegg sem einkenni hjartaáfalls eða kransæðastíflu. Þetta þarf ekki endilega að eiga við um konur. Rannsóknir hafa sýnt að þess í stað upplifa margar konur gríðarlega þreytu í allt að mánuð áður en áfallið sjálft verður.

LÆKNISFRÆÐIN EKKI UPPLÝST?

Í skýrslu evrópsku hjartasamtakanna um þetta mál er því haldið fram að læknar séu ekki nægilega þjálfðir í að þekkja einkenni kvenna og jafnframt er bent á að bækur um læknisfræði fjalli ekki nægilega um ólík sjúkdómseinkenni kynjanna þegar kemur að hjarta- og æðasjúkdómum.



ALGENGUSTU EINKENNI HJÁ KONUM SAMKVÆMT RANNSÓKNUM:

Hér vekur mikla athygli að brjóstverkir komast ekki á blað. Þetta er mikið umhugsunarefni fyrir jafnt leikmenn sem lærða.

MÁNUÐI FYRIR ÁFALL	HLUTFALL	ÞEGAR HJARTAÁFALL STENDUR YFIR	HLUTFALL
Mikil þreyta	71%	Mæði	58%
Svefntruflanir	48%	Máttleysi	55%
Mæði	42%	Mikil þreyta	43%
Meltingartruflanir	39%	Kaldur sviti	39%
Kvíði	36%	Svimi	39%
Ör hjartsláttur	27%	Ógleði	36%
Handleggir máttlitlir	25%	Handleggir máttlitlir	35%

STÓRAR SPURNINGAR SEM VANTAR SVÖR VIÐ

Fullyrt er að mjög mikla vitneskju skorti hvað varðar þessa sjúkdóma hjá konum. Allt of algengt sé að bæði fyrirbyggjandi meðferð og meðferðarúrræði, sem byggja á upplýsingum úr rannsóknum á körlum, sé notuð hjá konum. Enn er verið að framkvæma slíkar rannsóknir þar sem karlar eru í langstærstum meirihluta. Sem dæmi um spurningar sem ekki hefur verið svarað má nefna: Hversu mikil áhrif hafa hormón kvenna á kólesteról? Er magnyl jafn áhrifaríkt fyrir konur og karla? Hvenær á að ávísa blóðþrýstingslækkandi lyfjum til kvenna? Hvaða lyf á að nota og hvaða skammtastærðir eiga við? Af þessari skýrslu er ljóst að langt er í land með að upplýsa og fræða ekki bara konur heldur einnig heilbrigðisstéttir.

Fyrir þig hjartað mitt

Hjartamagnýl – Dýrmæt forvörn

Notkunarvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efninu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salisýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarþægindum og jafnvel sárum á magaslímhúð. **Skömmtun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna eru 75–150 mg á dag. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 23.12.03



» Eiður Smári Guðjohnsen er einn af þeim sem hafa stutt Hjartaheill með rausnarlegu framlagi.



Takk fyrir stuðninginn

Aðalstyrktaraðilar verkefnisins voru »



AFAR RAUSNARLEG FRAMLÖG KOMU FRÁ EFTIRTÖLDUM AÐILUM

ÍE, Lyfju, Íslandsbanka, Actavis, Aviongroup, GÁP, Toyota, Reykjavíkurborg, Strákunum, Ingibjörgu Pálma og Jóni Ásgeiri, Þorsteini Má Baldvinssyni, Vistor, Árna Magnússyni félagsmálaráðherra, Jónsa og Eiði Smára.



1.000.000.- frá Lyfju

Ljósmyndari Árni Rúnarsson.

ÞAU STUDDU DYGGILEGA VIÐ BAKIÐ Á OKKUR:

Allir þessir aðilar gerðu okkur kleift að safna 6,2 milljónum króna sem skipta sköpum fyrir okkar starf á þessu ári í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma.

Takk fyrir

Hreysti
Celsus
Hreyfing
Litla kaffistofan
Hótel Hvolsvöllur
Víkurskáli
Hótel Klaustur Kirkjubæjarklaustri
Hótel Freysnes
Gistiheimilið Ásgarður Höfn í Horna-
firði
Hótel Framtíðin Djúpavogi
Gistihúsið Svartaskógi
Hótel Reykjahlið
Icelandair Hótel

Hótel Edda Akureyri
Kaupfélag Skagfirðinga
Hótel Varmahlíð
Staðarskáli
Hótel Hamar Borgarnesi
Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Vífílfell
Síminn
eMax ehf
Morgunblaðið
Fréttablaðið
Blaðið
Stöð 2
Íslenska þjóðin

Stattu föstum fótum með Flexor

Í Flexor færðu úrval af gæða skóm frá Scarpa, Ecco, Asics og Teva til göngu og íþróttaiðkunar ásamt spelkum og innleggjum frá Össuri. Ef þú finnur fyrir óþægindum í baki, mjöðmum, hnjónum eða iljum, færðu sínadrátt í kálfa, þreytuverk og þirring í fætur ráðleggjum við þér að koma í **göngugreiningu hjá Flexor**. Stoðtækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og annað sérhæft starfsfólk veitir faglega ráðgjöf varðandi val á vörum og gerir okkur kleift að veita þér bestu þjónustu sem völ er á.

Hjá Flexor færðu:

- **Göngugreiningu**
- Hitahlífar
- Íþróttaskó
- Ráðgjöf
- Stuðningshlífar
- Gönguskó
- Innlegg
- Armstafi
- Barnaskó



ASICS Eagle Trail Goretex grófir hlaupaskór fyrir herra.

Kr. **15.990**



ASICS Cumulus mjög góðir alhliða hlaupaskór fyrir herra.

Kr. **11.990**



ASICS Trabuco mjög góðir gönguskór fyrir dömur.

Kr. **11.990**



Allt að 50% afsláttur af hjartalyfjum

Í tilefni Alþjóðlega hjartadagsins býður Lyf & heilsa **allt að 50% afslátt** af hlut sjúklings á lyfseðilsskyldum hjartalyfjum* dagana 21. - 25. september.

Bjóðum einnig **góð tilboð og ókeypis blóð-
þrýstingsmælingu** í verslunum Lyf & heilsu.

*Afslátturinn er af lyfseðilsskyldum lyfjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða.

30%
afsláttur
af Now og Vega
vítamínum



20%
afsláttur
af nikótínlyfjum

20%
afsláttur
af Hjartamagnýl



Gildir frá 21. - 25. september

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!



ir fram

kjúklingi og í þriðja lagi fyrir vinnslu á svokölluðu rauðu kjöti svo sem nautakjöti, svínakjöti og lambakjöti. Í dag telja forsvarsmenn fyrirtækisins að Marel framleiði vörur fyrir þessa þrjár vörflokka nokkuð jafnt og skipta megi tekjum af þeim með álíka hætti. Stefnumótun fyrirtækisins tók á sig nýja mynd eftir því sem árin liðu og með því að þróa lausnir fyrir þrjá mismunandi vörflokka til matvælavinnslu náði fyrirtækið að dreifa áhættu og sækja inn á nýja markaði. Marel ætlar að um 6-7 prósentum af veltu fyrirtækisins sé varið til vöruþróunar hjá fyrirtækinu, sem telja má að sé í hærra lagi þegar um hátæknifyrirtæki er að ræða.

VIRÐISKEÐJA Í VÖRUPRÓUN
Hinar nýju vörur fyrirtækisins þar sem

svokölluð róbótatækni kemur í stað manns-handarinnar við matvælavinnslu, svo sem pökkun á matvælum, ætlar Marel að geti náð fótfestu á næstu tveimur til þremur árum. Sú framleiðsla er þó ekki endastöð á virðis-keðjunni því þegar kemur að vöruþróun hefur Marel í hyggju að fara enn lengra. Ef virðis-keðjunni er skipt upp allt frá slátrun yfir í pökkun og vinnslu á matvælum má segja að Marel hafi einkum fengist við frumvinnslu á matvælunum. Marel hefur skilgreint sig sem fyrirtæki sem geti aukið virði matvæla hjá matvælaframleiðendum með því að hámarka nýtingu á vörunum eða hina svokölluðu afurðaskiptingu. Einkum má nefna fjórar tegundir af vörum í þeim efnum: Vogir, sem voru fyrsta vara Marels, skurðarvélar, vinnslukerfi og flokkunarkerfi. Vélmennin mætti því telja sem endastöð á þeirri vöruþróun sem flokka má undir frumvinnslu hjá fyrirtækinu. Enda þótt Marel hafi náð að spanna stóran hluta af þessum hluta virðis-keðjunnar eru vörur fyrirtækisins þó stöðugt í þróun með því markmiði að auka enn fremur afköst, nýtingu og gæði við vinnslu á kjöti og fiski.

VÖRUPRÓUN OG MENNING
Umfang vöruþróunar og rannsókna er mikið hjá Marel eins og sjá má af þeim vörum sem fyrirtækið setur á markað á hverju ári. Yfir sjötíu háskólamenntaðir starfsmenn vinna við vöruþróun, yfir 700 milljónum króna er varið á hverju ári til vöruþróunar og sótt er um allt að tíu ný einkaleyfi á ári hverju. Unnið er í teymisvinnu og mikið lagt upp úr jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi. Menningin og andinn innan Marels eru ná- tengd því hvernig fyrirtækið varð upphaf- lega til. Fyrst og fremst er um að ræða tækni- menningu sem á rætur sínar að rekja til þeirra frumkvöðla sem skópu starfsemina en margir þeirra eru enn starfandi hjá fyrirtæk- inu. Eitt af meginmarkmiðum Marels í gegn- um árin hefur verið að halda skipulagi fyrir- tækisins flötu og auka teymisvinnu. Með teymisvinnu geta forsvarsmenn fyrirtækis- ins náð að skapa margar smáar einingar í einni stórri. Margir hópar eru starfandi hverju sinni og bera ábyrgð gagnvart þeim vörum sem þeir vinna með og þeim mörkuð- um sem þeir starfa á. Mikil ábyrgð er lögð á starfsmenn en á sama tíma er krafist frumkvæðis og að geta unnið í hópstarfi. Ekkert er niðurneglt í hönn- un, vinnuferli eða skipulagi. Hlutverk fram- kvæmdastjóra vöruþróunar er því að tryggja að umhverfi starfsmannanna sé áhugavert og hvetjandi. Þannig hefur Marel skapað um- hverfi sem á að vera eins aðlaðandi og hugs- ast getur. Í húsinu eru tveir íþróttasalir og líkamsræktaraðstaða þar sem starfsmenn geta tekið sér frí frá erli dagsins.

FRAMTÍÐARSÝN MARELS
Marel hyggst verða leiðandi hátæknifyrir- tæki á heimsvísu. Sá iðnaður sem fyrirtækið starfar í hefur þróast hin síðustu fimmtíu ár og telja margir að fram undan sé endurnýjun í skipulagi á iðngreininni þar sem önnur kyn- slóð hefur nú tekið við. Þess vegna megi bú- ast við að frekari samþjöppun muni eiga sér stað á næstu árum. Þar hyggst Marel verða í fararbroddi en fyrirtækið hefur einkum stuðlað að innri vexti fyrirtækisins síðastlið- in ár. Nú má búast við að ytri vöxtur muni einnig verða sá þáttur sem verði meira áber- andi í þeirri viðleitni fyrirtækisins að sækja stærri markaðshlutdeild. Dótturfyrirtæki Marels, Carnitech í Dan- mörku, hefur einnig stundað mikla vöruþró- un síðastliðin ár. Það fyrirtæki nær í raun til breiðari línu í virðis-keðjunni en lítið samstarf eða samráð er milli fyrirtækjanna þegar kemur að vöruþróun.



Ætlum okkur tíu prósentu markaðshlutdeild

Hörður Arnarson, for- stjóri Marels, segir að fyrirtækið stefni á næstu árum að meiri vexti. „Við stefnum að því að nýta okkur þau tækifæri sem bjóðast hvað ytri vöxt fyrir- tækisins varðar. Við erum hins vegar mjög vandfýsnir í þeim ef- num. Fyrirtækið hefur mjög sterkan innri vöxt þannig að það er ekki sami þrýstingur hjá okkur og hjá öðrum fyrirtækjum. Við erum alltaf að skoða okkur um en getum ekki sagt frá neinu sem stendur því slík mál eru á trúnaðarstigi,“ segir Hörður. Hann segir að sala á tækja- búnaði í matvælaíðnaði fyrir hinn svokallaða próteiniðnað sé metinn á um þrjátíu milljarða evra í dag og ætlar að markaðs- hlutdeild Marels sé á heimsvísu um þrjú prósent. „Við ætlum okkur að minnsta kosti tíu pró-



HÖRÐUR ARNARSON
Hörður Arnarson, forstjóri Marels. Segir fyrirtækið ætla sér tíu prósentu markaðshlutdeild á heimsvísu.

senta markaðshlutdeild á næstu árum. Það er þannig að fyrsta kyn- slóðin sem kom að þess- um iðnfyrirtækjum er núna orðin fjörutíu árum eldri og fyrirtæk- in eru komin að breyt- ingastigi. Það má búast við samþjöppun í þess- um geira á næstu árum og við ætlum okkur að verða eitt af þeim fyrir- tækjum sem verða leið- andi í því,“ segir Hörð- ur. Hann segir Marel ætla sér frekari land- vinninga jafnt í Evrópu sem og í Bandaríkjunum. „Við sjáum einnig að við getum aukið mark- aðshlutdeild okkar á vaxtar- mörkuðum, svo sem í Austur- Evrópu. Þá eru möguleikar í Asíu, Ástralíu og Suður-Ameríku. Við eigum dótturfyrirtæki á öll- um þessum stöðum og nú ætlum við okkur að vaxa meira,“ segir Hörður.

Starfsfólk í sérflokkum á heimsvísu

„Hjá Marel eru starf- andi sérfræðingar sem eru í algjörum sérflokkum á heimsvísu í sínu fagi,“ segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá Marel. Hann segir að fyrirtæk- ið leggi mikla áherslu á vöruþróun og reynt sé að búa vel að þeim sem að slíkum störfum koma. „Starfsmenn í vöru- þróun tengjast allir ákveðnu þekkingarsviði. Þekkingarsviðin mynda svo umgjörð um grunn- þekkingu á borð við vél- hönnun, hugbúnaðarhönnun og rafbúnaðarhönnun, svo dæmi séu tekin. Hlutverk þekkingarsvið- anna er að viðhalda þessari grunn- þekkingu og samræma tæknistig og útfærslur í vöruhópum,“ segir Ásgeir.

Hann segir að vörur Marels hafi samkeppnislegt forskot um- fram aðrar þar sem menning fyr- irtækisins hafi mótast á tæknilegum grunni sem rekja megi allt aftur til stofnára fyrirtækisins. „Fyrirtækið þróar og hannar vöruna frá grunni í langflestum til- fellum. Við höfum vald á rafeindatækni, vélrænni hönnun og þeim hugbúnaði sem stýrir vörunum. Þannig næst að láta þessa þætti vinna þéttar saman og vörurnar verða öflugri. Við leysum allan þann hluta hér en þar er oft um að ræða kjarnann í tækjunum,“ segir Ásgeir.

Hann segir tæknimenn skorta í dag. „Sérstaklega er skortur á verk- og tæknimenntuðu starfs- fólki á sviði vélhönnunar og til for- ritunar fyrir tækniumhverfi. Mar- el getur þó státað sig af því að geta boðið þessu fólki skemmtileg og krefjandi verkefni og gott starfs- umhverfi.“



ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
Ásgeir Ásgeirsson, fram- kvæmdastjóri vöruþróun- arsviðs Marels. Vantar tæknimenn til starfa.



1991 – GERVIGREIND NOTUÐ TIL FLOKKUN- AR Sérstakar vélar sem byggja á tölvusjón og geta flokkað þyngd og lengd sjávarafurða teknar í notkun hjá Marel.

1992 – FYRSTA FLÆÐILÍNU- KERFIÐ Marel þróar vinnslukerfi þar sem fiskafurðir flæða samfelld á færi- böndum í gegnum vinnsluna í stað þess að fara á milli í bökkum.

1994 – 2.000 VOGIR SELDAR Marel hefur selt 2.000 vogir í skip og báta. Marel selur lausnir fyrir svina- kjötsframleiðslu í Detroit.


2002 – RÖNTGENTÆKNI Marel hefur þróun tækja sem byggja á röntgentækni sem nú er orðin fram- leiðsluvara í dag. Ný skurðarvél (IPM3) kemur á markaðinn, sem veldur straumhvörfum í nákvæmni.

2004 – PÓLS HF. TIL MAREL Marel kaupir Póls hf. á Ísafirði og nær með því valdi á vörum og tækni til hraðpökkunar á matvælum sem þróaðar voru hjá Póls. Mar- el selur fyrstu röntgenvélina (SensorX). Mar- el kynnir nýja skurðarvél fyrir stór kjöstykk.

PÖKKUNARTÆKI ÍLT FISK Marel fram- sérstaklega hannaðar vinnslu og pökkunar- lax í samvinnu við yrtækið Maritech.

1992 – HÁTÆKNIVOG FYRIR KJÚKLINGAUFURÐIR Marel skráð á markað og fyrirtækið þróar sérstakar flokkunarvélar fyrir bandarískan kjúklingamarkað. Einnig tekur Marel í notkun flæðilínu til að flokka fisk. Tölvu- sjón við matvælavinnslu verður til.

1993 – TÖLFRÆÐI- LEGAR VINNLSUAF- FERÐIR Marel tekur í notkun flokkunarbúnað sem velur hráefni í um- búðir með lágmarks um- framþyngd (samval).



1997 – FLÆÐILÍNA FYRIR LAX Marel kaupir hátæknifyrir- tækið Maritech og selur heildarlausn fyrir laxvinnslu til Noregs.

2003 – VIGTIBAUKATÆKNI Marel kemur fram með nýja tækni í flokkurum, svokallaða vigtibaukatekni sem styðja við þá þróun í kjúklingaíðnaði í Bandaríkjunum að pakka í neytendapakningar af fastri þyngd. Árið 2003 kemur einnig fram ný skurðarvél (TSM) fyrir kjúklingabringur sem tryggir einsleita lögun og fasta þyngd afurðarinnar á sama tíma.

2005 – RÓBOTATÆKNI Marel kynnir nýja skurðarvél (ITM) sem byggir á róbótatækni. Marel kynnir nýtt tæki (QVision) sem byggir á tölvusjón og gæðaflokkar hráefni. Marel kynnir nýjan flokkunarbúnað (SureTrack) sem flytur hráefnið í körfum. Marel hefur þróunarvinnu um notkun iðnaðarróbóta í matvælaíðnaði.

FÓLK Á FERLI

BENEDIKT OLGEIRSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri umbreytingarverkefna hjá Atorku Group. Sem framkvæmdastjóri hjá Atorka Group mun hann bera ábyrgð á stefnumörkun og þróunarstarfi í tengslum við eignarhluta félagsins í Austurbakka, A.Karls-sonar, Besta, Gróco, Ílsanta, Icepharma, Ismed og Parlogis hérlandis og erlendis. Þá mun hann einnig sinna öðrum verkefnum hjá Atorku og situr meðal annars í stjórn Promens og Sæplasts. Benedikt er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og lauk meistaraþrófi í verkefnastjórnun frá University of Washington í Seattle árið 1987. Á árunum 1988-1993 vann hann við verkefnastjórnun í verktakageiranum þar til hann réðist til starfa hjá Eimskip. Frá 1999 til 2003 var hann framkvæmdastjóri Eimskips í Hamborg. Benedikt hefur síðastliðið eitt og hálft ár verið framkvæmdastjóri Parlogis hf., dótturfélags Atorku Group.

REIMAR PÉTURSSON



verður framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Atorku Group. Hann stjórnar fjárfestingarverkefnum Atorku Group og starfar auk þess að stefnumótun og rekstri félagsins. Reimar útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1998. Á árunum 2002-2003 stundaði hann nám í fjármála- og viðskiptatengdri lögfræði við Columbia University í New York og útskrifaðist þaðan með meistaraþróf í lögfræði árið 2003. Hann vann sem lögmaður á árunum 1998-2005, fyrst sem fulltrúi Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Karls Axelssonar, síðar sem meðeigandi Nestor lögmanna og loks sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann hlaut réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti í janúar 2004 og málflyttingsréttindi í New York-fylki í desember 2004. Hann hefur síðastliðið hálft ár verið lögfræðingur Atorku Group.

GUÐNÝ RÓSA ÞORVARÐARDÓTTIR



verður framkvæmdastjóri Parlogis hf. Parlogis er þjónustufyrirtæki í eigu Atorku Group hf. og hefur þjónar heilbrigðis- og rannsóknargeiranum á sviði vörustjórnunar (logistics services). Parlogis annast víðtæka vörustjórnun og dreifingu fyrir um 30 framleiðendur og umboðsmenn til um 2.000 kaupenda. Áætluð velta félagsins árið 2005 er um 7 milljarðar króna og starfsmenn þess eru um 80 talsins. Guðný Rósa er viðskiptafræðingur og var markaðs- og innkaupastjóri Skeljungs hf. 1996-2005. Hún hefur frá apríl 2005 verið markaðsstjóri Parlogis.

Sextíu og átta ára fjölskylduveldi

Fyrirtækið Bæjarins bestu pylsur var stofnað í Reykjavík árið 1937 og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Guðrún Kristmundsdóttir, núverandi eigandi, tjáði Jóni Skaftasyni að velgengnina mætti þakka góðu hráefni og frábæru starfsfólki.

Guðrún Kristmundsdóttir hefur verið viðloðandi Bæjarins bestu frá barnæsku. Afi hennar, Jón Sveinsson, stofnaði Bæjarins bestu og faðir hennar tók síðar við fyrirtækinu og rak þangað til Guðrún tók við rekstrinum fyrir um fimmtán árum: „Ég byrjaði að afgreiða í Tryggvagötunni þegar ég var fimmtán ára, fyrir 28 árum. Síðan hef ég alltaf verið viðloðandi Bæjarins bestu og tók við þegar pabbi hætti.“

Bæjarins bestu var stofnað árið 1937 og var fyrsti sölubásinn í Kolasundinu gamla, þar sem hús Hæstaréttar stendur nú. Bæjarins bestu var á sínum tíma fyrsti skyndibitastaður landsins og voru dönsku áhrifin augljós frá upphafi. Guðrún segir það eiga sér eðlilegar skýringar: „Afi átti danskan mág sem var kjóterðarmaður og vann hjá Sláturfélagi Suðurlands. Þaðan er hugmyndin líklega kominn.“

ULLARBRAGÐ AF PYLSUNUM!

Það var þó tilviljun ein sem réð því að hinar séríslensku pylsur eru frábrugðnar þeim dönsku: „Þetta var á millistríðsárunum og ekki til svínakjöt í landinu. Þeir félagar ákváðu því að nota lambakjöt í stað svínakjöts í pylsurnar og það heppnaðist svona ljómandi vel. Danskir ferðamenn eru líklega þeir einu sem finna muninn, þeir segja stundum að það sé ullaðbragð af íslenskum pylsum.“

Það eru þó ekki eingöngu danskir ferðamenn sem snæða á Bæjarins bestu. Guðrún segir Ísland vera orðið hálfgerð „költ“-land meðal ferðamanna og að Bæjarins bestu njóti góðs af því: „Viðskiptavinir okkar eru að stórum hluta útlendingar enda er minnst á Bæjarins bestu í flestum túristahandbókum og meira að segja í ferðabáttum erlendra sjónvörpsstöðva á borð við Discovery. Svo virðist sem Bæjarins bestu í Tryggvagötunni séu orðnar hluti af þessu íslenska költi.“

Ekki hefur heldur spillt fyrir að fjöldi frægra erlendra gesta á borð við Bill Clinton fyrrum



Vinsæll vagn „Ég sé um rekstur, stjórnun, bókhald og þess háttar. Annars er ég með puttana í öllu, keyri út vörur og geng í öll störf ef með þarf,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir.

Bandaríkjaforseta og þungarokkshljómsveitina Metallica hefur lagt leið sína í Tryggvagötuna: „Það var nú svolítið fyndið að eftir að Clinton kom í vagninn hjá okkur byrjuðu amerísku hermennirnir ofan af velli að venja komur sínar í Tryggvagötuna. Þeir hafa nú alltaf verið góðir kunnar, en versluðu áður í pylsuvagni okkar í Smáralindinni.“

GENGUR Í ÖLL STÖRF

Bæjarins bestu reka nú þrjú útibú; í Tryggvagötunni, Smáralindinni og Skeifunni. Lageraðstaða og skrifstofur eru á Austurströnd á Seltjarnarnesinu. Hjá fyrirtækinu starfa tuttugu og fimm manns að Guðrúnu meðtalinni: „Ég sé um rekstur, stjórnun, bókhald og þess háttar. Annars er ég með puttana í öllu, keyri út vörur og geng í öll störf ef með þarf.“

Þekktasti pylsubarinn er sá í Tryggvagötunni en þar hefur hann staðið síðan snemma á sjöunda áratugnum. Barinn er fyrir löngu orðinn hluti af reykvískri

menningu, ekki síður en fyrirmyndirnar á Strikinu í Kaupmannahöfn. Guðrún er þó ekki ánægð með þær aðstæður sem borgaryfirvöld búa fyrirtækjarekstri á staðnum: „Reykjavíkurborg virðist ekkert vita hvað hún ætlar að gera við þetta svæði, beint á móti okkur eru bílastæði og framhjá liggur strætóakrein, sem ekki hefur verið fjarlægð þrátt fyrir að strætisvagnarnir séu löngu hættir að ganga þarna.“

Guðrún segist margoft hafa farið þess á leit við borgaryfirvöld að þau gerðu eitthvað til að fegra svæðið: „Þeir virðast vera með augun algerlega lokuð. Maður sér bara muninn á að standa í veitingahúsrekstri þarna og í Skeifunni eða Smáralind. Þar er allt annað rekstrarumhverfi.“

KR-HJARTA

Guðrún er mikill KR-ingur eins og allt hennar fólk og hafa Bæjarins bestu pylsur stutt dyggilega við bakið á körfuboltaliði Vesturbæinga í fjöldamörg ár: „Ég held að auglýsingin frá okkur hafi verið framan á búningnum í tuttugu ár. KR-ræturnar eru sterkar, pabbi var mikill KR-ingur og svo spilaði ég sjálf handbolta lengi með félaginu.“

Guðrún segist ekki viss um að það hafi borgað sig fjárhagslega að styðja við bakið á KR-ingunum en segist þó ekki sjá eftir einum einasta eyri: „Þetta er nú meira í ætt við góðgerðarstarfsemi. Hins vegar leikur enginn vafi á því að ég hef fengið fullt af góðum starfsmönnum úr körfuboltanum. Þetta eru stórir og sterkir strákar sem finnst ekkert tiltökumál að vinna langan vinnudag.“

Hún segir þó að körfubolta-hetjunum hafi gengið misvel að athafna sig í sjö fermetra skúrnum við Tryggvagötuna enda margir vel á þriðja metrann: „Einhverjir hafa nú átt erfitt með að athafna sig. Þeir taka það bara til sín sem eiga.“

Guðrún gefur ekki upp tölur úr rekstrinum en segist þó ekki kvarta: „Það gengur vel í dag og við ætlum okkur að halda áfram að vaxa og opna fleiri staði.“

Hún er ekki í neinum vafa um hverju megi þakka velgengni undangenginna áratuga: „Við höfum alltaf haft gott hráefni og verið með gott starfsfólk. Það er lykillinn.“

ur og svo spilaði ég sjálf handbolta lengi með félaginu.“

Guðrún segist ekki viss um að það hafi borgað sig fjárhagslega að styðja við bakið á KR-ingunum en segist þó ekki sjá eftir einum einasta eyri: „Þetta er nú meira í ætt við góðgerðarstarfsemi. Hins vegar leikur enginn vafi á því að ég hef fengið fullt af góðum starfsmönnum úr körfuboltanum. Þetta eru stórir og sterkir strákar sem finnst ekkert tiltökumál að vinna langan vinnudag.“

Hún segir þó að körfubolta-hetjunum hafi gengið misvel að athafna sig í sjö fermetra skúrnum við Tryggvagötuna enda margir vel á þriðja metrann: „Einhverjir hafa nú átt erfitt með að athafna sig. Þeir taka það bara til sín sem eiga.“

Guðrún gefur ekki upp tölur úr rekstrinum en segist þó ekki kvarta: „Það gengur vel í dag og við ætlum okkur að halda áfram að vaxa og opna fleiri staði.“

Hún er ekki í neinum vafa um hverju megi þakka velgengni undangenginna áratuga: „Við höfum alltaf haft gott hráefni og verið með gott starfsfólk. Það er lykillinn.“



BESTA RÁÐIÐ

Að vera góður

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segist hafa fengið besta ráðið strax í barnæsku: „Mamma og pabbi sögðu mér alltaf að vera góður og ég hef reynt að hafa það að leiðarljósi síðan.“

Hann segir ráðið hafa reynt sér vel í gegnum tíðina: „Ég hef komist að því að ef maður er góður við sína nánustu og drengur góður í samskiptum við fólk, þá er maður góður í sínu fagi.“

Guðjón segir að hlutirnir þurfi

ekki alltaf að vera flóknir: „Þetta er ákveðið mottó sem nýtist manni vel í þeim uppakomum sem lífið hefur upp á að bjóða. Þetta eru svo sem engin djúp sannindi en engu að síður er gott að minna sig reglulega á það í amstri hversdagsins að vera góður og koma heiðarlega fram.“ - jsk

GUÐJÓN ARNGRÍMSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚI ICELANDAIR Guðjón segist hafa fengið besta ráðið frá foreldrum sínum: „Mamma og pabbi sögðu mér alltaf að vera góður og ég hef reynt að hafa það að leiðarljósi síðan.“

Ert þú fastur í frumskógi flutningsleiða? Láttu okkur finna lausnina

Flutningar án landamæra

Skútuvegur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is



Kærulausari í vinnunni

Fólk er gjarnara á að nota vinnu-tölvuna á óábyrgan hátt en heima hjá sér. Þetta kemur fram í ný-
legri könnun sem ráðgjafafyrir-
tækið Sophos lét gera.

Talið er að fólk treysti um of á öryggisvarnir fyrirtækja og stundi því niðurhal, skoði heima-síður og opni tengla í vinnunni sem það myndi jafnvel ekki gera heima hjá sér. Oft veit fólk ekki hverjar afleiðingar af þessari hegðun geta verið en í mörgum tilfellum er fólk hins vegar al-
gjörlega meðvitað um hugsanleg-
ar afleiðingar gjörða sinna en lætur sig þær engu varða þar sem ekki er um þess eigin tölvu-
búnað að ræða.

Sophos hefur varað við því að þessi háttsemi setji fyrirtæki í óþarfa hættu og brýnir fyrir stjórnendum að setja upp skýra stefnu í þessum málum með því að auka öryggis- og vírusvarnir en ekki síst að auka vitund starfsmanna á vandamálinu til að minnka áhættuna sem af þessu leiðir. - hhs

KB banki spáir minni verðbólgu

Greiningardeild KB banka spáir því að vísitala neysluverðs muni hækka um 0,5 prósent í næsta mánuði. Því muni verðbólga lækka um 0,3 prósent og fara úr 4,8 prósentum í 4,5 prósent. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,8 prósent í október á síðasta ári.

KB banki telur að hækkunir á fasteignaverði dragi verulega úr hækkun á vísitölu neysluverðs en einnig telur KB banki að bensínlækkunir muni hafa áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs. - hb

Actavis þróar lyf á Möltu

Actavis vinnur nú að því að þróa lyf á Möltu sem fyrirtækið ætlar að verði tilbúið til dreifingar í lok október. Financial Times greinir frá því að lyfjaframleiðendur sjái sér hag í því að framleiða lyf á Möltu þar sem umhverfið þar í landi sé þeim hagstætt. Haft er eftir Róberti Wessman, forstjóra Actavis, að launakostnaður væri lítill, þar væri mikið af ensku-mælandi fólki, hagstætt lánaumhverfi og skattar lágir.

Actavis ætlar sér að þróa fleiri lyf á Möltu á næstu árum og hefur þegar í hyggju að framleiða sex ný lyf þar á næstunni. - hb

Banki lánar fyrir byggingu skólphreinsistöðvar

Norræni fjárfestinganbankinn hefur lánað til byggingar skólphreinsistöðvar í Rússlandi. Bankinn leggur til 45 milljónir evra í lánsfé, sem er hæsta einstaka upphæðin sem lögð er til verkefnisins. Heildarfjármagn til byggingarinnar er 194 milljónir evra. Skólphreinsistöðin mun gegna mikilvægu hlutverki í að bæta vatnsgæði Eystrasalts. Haft er eftir Johnny Åkerholm, framkvæmdastjóra Norræna fjárfestingarbankans, að þetta sé fyrsta flokks hreinsistöð sem skapi tækifæri til að bjarga lífríki sjávar í

Eystrasalti, sem sé mikilvægt fyrir Rússa og nágranna þeirra í norðvestri. Norræni fjárfestingarbankinn er í eigu átta landa, Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháens, Noregs og Svíþjóðar, og er hlutverk hans að fjármagna verkefni innan sem utan landanna sem eiga hlut í bankanum, hvort sem er í ríkis- eða í einkageiranum. - hhs

FRÁ PÉTURSBORG Norræni fjárfestingabankinn hefur lánað til byggingar skólphreinsistöðvar í Norðvestur-Rússlandi.



FIRMA

C O N S U L T I N G

Við finnum kaupendur og seljendur að fyrirtækjum

Firma Consulting ehf. (www.firmaconsulting.is) er ráðgjafarfyrtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við fjárfesta og stjórnendur millistórra og stórra fyrirtækja.

Firma Consulting ehf. leggur áherslu á persónulega þjónustu með áherslu á gæði, trúnað og traust í vinnubrögðum sínum. **Firma Consulting ehf.** veitir m.a. eftirtalda þjónustu:

- **Aðstoð við kaup og sölu á fyrirtækjum á Íslandi, Norðurlöndum og Bandaríkjunum í samstarfi við traust félög sérhæfð í „mergers & aquisitions“.**
- **Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.**
- **Aðstoð við verðmat á fyrirtækjum.**
- **Aðstoð við verðmat á fasteignum.**
- **Aðstoð við skoðun á fjármögnun fyrirtækja.**
- **Aðstoð við uppstokkun fyrirtækja.**
- **Aðstoð við stofnun fyrirtækja.**

Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting ehf.

GSM 820 8800 – magnus@firmaconsulting.is

Róbert Trausti Árnason rekstrarfræðingur hefur starfað við fyrirtækja-ráðgjöf og verið í sjálfstæðum rekstri. Var um nokkurra ára skeið forstjóri Keflavíkurverktaka hf. Starfaði um árabil sem sendiherra. Gegndi einnig starfi ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu og var um skeið forsetaritari. Róbert Trausti er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting ehf.

GSM 663 8478 – robert@firmaconsulting.is

Firma Consulting ehf., Þingaseli 10, 109 Reykjavík, GSM: (354) 820 8800, (354) 663 8478. Fax: (354) 557 7766. Veffang: firmaconsulting.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Áhrif Baugsmáls á útrásina virðast hverfandi:

Þráðurinn tekinn upp

Hafliði Helgason

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið saman lítið rit þar sem fjallað er um útrás íslenskra fyrirtækja til Lundúna. Ritið er upplýsandi og til fyrirmyndar að Viðskiptaráðið haldi til haga reynslu fyrirtækja af útrásinni. Ljóst er að þau fyrirtæki sem hafa sótt fram hafa lært ýmislegt hvert af öðru.

Sambönd sem einn aðili hefur myndað hafa nýst öðrum í þeirra vinnu. Þannig hefur smæð þjóðarinnar nýst. Hér þekkja allir alla og reynsla eins skilar sér hratt til annars. Hér er stutt á milli manna, samskipti óformleg og menn fljótir að taka ákvarðanir.

Útrásin hefur fært Íslendingum mikil tækifæri og allar líkur eru á að hún muni færa velsæld inn í samfélagið bæði í formi arðsemi af fjárfestingum og ekki síður í þekkingu sem nýstast mun fleiri fyrirtækjum til vaxtar og þroska. Í ritinu er byggt á viðtölum við forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem staðið hafa í stafni útrásarinnar í Bretlandi. Ef horft er til Bretlands hafa Baugur, Bakkavör og KB banki náð markverðum árangri í að koma sér fyrir með öflugar einingar í London. Fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Þessi sókn inn á þróaðan markað í útlöndum mun eflaust skila fleiru inn í samfélagið. Reynsla íslenskra kaupsýslumanna af viðskiptum erlendis mun án efa flytja heim margar venjur í viðskiptum sem eru til bóta fyrir íslenska markaðinn og til þess fallnar að gera hann gagnsærri og stuðla að betra síðferði á markaði. Íslenski markaðurinn hefur þroskast hratt og ástand er almennt talið nokkuð gott.

Útrásin til Bretlands hefur gengið vel og íslenskir athafnamenn uppskorið eins og þeir hafa sáð. Umræða í fjölmiðlum hefur verið fremur jákvæð og einn hefur opnað annars dyr að fjármálastofnunum og sérfræðingum.

Á Norðurlöndum hafa menn fengið að kenna á öðru viðmóti og hlýtur það að vera umhugsunarefni að þær þjóðir, sem standa okkur næst og ættu að hafa greiðastan aðgang að réttum upplýsingum um íslenskt efnahagslíf og forsendur útrásarinnar, skuli vera þær sem fara fremstar í útbreiðslu örökstuddra gróusagna. Þótt vanþekkingar gæti inni á milli í breskum fjölmiðlum er það hátíð hjá þeim rangfærslum sem mátt hefur lesa í norrænum fjölmiðlum.

Útrásin mun aldrei verða áfallalaus. Rannsókn og ákærur á hendur forsvarsmanna Baugs hafa valdið því fyrirtæki miklu tjóni og lagt stein í götu þess. Frávísun Héraðsdóms í gær á ákærunum mun líklega leiða til þess að Baugur losni að miklu leyti úr neikvæðri umræðu í Bretlandi að minnsta kosti. Frávísunin ein og sér varpar þeim efa á málið í heild sinni að líklegt er að Baugur eigi alla möguleika á því að komast á ný í það sæti við samningaborð bresks viðskiptalífs þar sem fyrirtækið sat áður.

Ýmsir óttuðust að málið myndi skaða fleiri íslenska fjárfesta erlendis, en slíkur ótti er líklega ástæðulaus. Málið gæti reynst ágæt lexía í því að mikilvægt er að íslenskir athafnamenn hagi sér eins og landslið út á við og horfi til heildarhagsmuna, enda þótt tekist sé á af hörku í deildinni hér heima.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is

Bergmál

J.P. Morgan var eitt sinn spurður hvað hann héldi að verð hlutabréfa gerði á næstu misserum. Hann svaraði um hæl að hann teldi að það myndi sveiflast. Á þeim tíma var það tekið til marks um gamansemi að benda á hið augljósa. Í dag yrði það líkast til tekið til marks um svartsýni að telja ekki sjálfgefið að hlutabréf hækki.

Eftir langt skeið hækkana lækkaði verð hlutabréfa í síðustu viku. Frá mánudegi til fimmtudags lækkaði verð hlutabréfa um 5,4% og færdist gildi Úrvalsvísitölunnar aftur til þess gildis sem það hafði verið í um það bil mánuði áður. Verðmæti fyrirtækja í Úrvalsvísitölunni hafði því lækkað um 74,6 milljarða en það eina sem hafði gerst í hagkerfinu var að verðbólga var lítillega hærrí en ráð var fyrir gert. Slíkt kann auðvitað að leiða til þess að efnahagshorfur fram í tímann séu verri en áður var búist við, þótt vafasamt sé að byggja mat á horfum á einni mælingu. Breytingin, sem kostaði 74,6 milljarða eða 8,4% af VLF, varð því ekki í hagkerfinu, heldur í hugum fjárfesta.

VERÐ HLUTABRÉFA

Í kennslubókum er verðmyndun hlutabréfa einföld og fylgir reikniformúlum sem eru á færi barna á fermingaraldri. Í veruleikanum byggist verðmyndunin hins vegar á ákvörðunum fólks, duttlungafullum þrælum hughrifa, og er því ekki nema von að markaðurinn hagi sér ekki jafn vel og hann ætti að gera samkvæmt forskriftum fræðanna.

Þegar þróun hlutabréfaverðs er rannsökuð þarf að skoða annars vegar verð einstakra hlutabréfa og hins vegar verðlagningu hlutabréfamarkaða almennt. Hentug líking er að þegar yfirborð sjávar er kannað þarf að skoða annars vegar hæð aldanna, þ.e. einstakra hlutabréfa og hins vegar hæð sjávarmálsins.

Verð allra eigna er í eðli sínu hlutfallslegt og verð hlutabréfa eins og annarra eigna hefur enga merkingu nema í hlutfalli við önnur verðbréf. Yfirleitt er því

ORÐ Í BELG

Póður Pálsson
forstöðumaður
greiningardeildar
KB banka



verð hlutabréfa metið í samanburði við önnur hlutabréf og þá helst hlutabréf fyrirtækja sem eru í svipaðri starfsemi.

Verð einstakra hlutabréfa ræðst af tveimur þáttum. Til skemmri tíma ræðst verðið af stemningu í kringum fyrirtækið og tiltrú markaðarins á stjórnendum þess. Til lengri tíma ræðst verðið hins vegar af rekstri fyrirtækisins og árangri stjórnenda þess. Yfir lengri tíma má gera ráð fyrir að verð einstakra hlutabréfa sé í takti við verðlagningu annarra hlutabréfa á markaðinum, en til skemmri tíma kann hrfnæmi fjárfesta að ýta verðinu óhóflega upp eða niður. Góð upplýsingagjöf fyrirtækja miðast að því að jafna út þessar sveiflur og hlutverk góðra fjárfestatengla er bæði að gæta þess að óraunhæfar vonir vakni ekki um fyrirtæki og að benda fjárfestum á kosti þess.

VERÐ MARKAÐARINS

Það sama á við um hlutabréfamarkaðinn í heild. Til skemmri tíma kann að grípa um sig skeið bjartsýni jafnt sem svartsýni, en til lengri tíma ræðst verðið af fýsileika hlutabréfa samanborið við aðra fjárfestingarkosti og áhættusækni fjárfesta almennt. Hvað réði því að bandarískir fjárfestar kröfðust arðgreiðslu sem var rúm 5% af verðmæti bréfanna í upphafi aldarinnar en settu sig við um 1% í lok hennar. Lengst framan af 20. öld var arðgreiðsluhlutfall hlutabréfa hærra en vaxtagreiðslur skuldbréfa. Það eru engir efnahagslegir þættir sem skýra það hvers vegna frá lokum seinna stríðs fram til 1990 var V/H hlutfall fyrirtækja í Bandaríkjunum lengst af á bilinu 10-20 en eftir það á bil-

inu 20-40. Það sem eigendur hlutabréfa hljóta að spyrja sig er: Gæti þetta breyst aftur?

FRAMVINDUBROT

Ótti fjárfesta við framvindubrot, að t.d. skyndilega aukist áhættufælni sem leiði til þess að skuldbréf verði álitin fýsilegri í samanburði við hlutabréf en áður, magnar upp skammtímasveiflur. Stemming á markaði sveiflast eins og öldur á langtímasveiflum um mat á fýsileika eignaflokka. Sveiflurnar eru ekki nauðsynlega óskynsamlegar, eins og stundum er haldið fram, þar sem vogarafl breytinganna er mikið þegar framtíðarhorfur eru reiknaðar inn í núverandi verð.

Daglega berast okkur svo kallaðar hagspár, jafnvel mörg ár fram í tímann, en slíkar spár eru vitanlega ekki spár heldur einfaldlega framreikningur á fyrirfram gefnum forsendum hagfræðinga. Vendipunktur á markaði, eða framvindubrot, verða þegar forsendurnar sem hagfræðingarnir telja gefnar breytast.

Það sem m.a. magnar upp ótta við framvindubrot er fjölmiðlaumfjöllun. Í upphafi síðustu viku voru varnaðarorð áhrifamanna í atvinnulífinu um sterkt gengi krónunnar áberandi. Krónan hins vegar styrktist sem aldrei fyrr en verð hlutabréfa lækkaði. Lækkun hlutabréfaverðs er vitanlega fréttæm, því ef við lítum á síðustu tíu ár hefur gengi Úrvalsvísitölunnar hækkað í 62,2% tilfella allra fjögurra daga tímabila. En mikil og stöðug umfjöllun um lækkanir kallar svo fram enn frekari lækkanir. Segja má að snarpar lækkanir eins og í síðustu viku gefi góða mynd af því hvernig umræða um hlutabréf og hegðun þeirra bergmálar, því rétt eins og þegar viðmælendur innhringipáttu útvarpsstöða gleyma að lækka í viðtækjunum getur samspil umfjöllunar og verðþróunar orðið að skerandi ískri og menn ekki náð áttum fyrr en hringrásin er rofin. Umræðan bergmálar í verðþróunina og svo aftur í fjölmiðlunina. Ekki er þó hægt að draga þá ályktun að verðlækkun hlutabréfa vegna fjölmiðlaumfjöllunar sé endilega óskynsamleg. Stöðug umfjöllun um gengisþækkun hlutabréfa hefur nefnilega sömu áhrif til hækkunar, en það vekur síður athygli og við hætt að taka eftir því, enda fjárfestar orðnir vanir hækkunum og því farnir að gera ráð fyrir þeim, ólíkt J.P. Morgan sem bjóst við sveiflum.



UM VÍÐA VERÖLD

Uppsagnarbréf við lendingu

The Times | Irwin Stelzer fjallar um ástandið í flugrekstri í Bandaríkjunum í **The Times**. Hann segir helming allra farþega sem fljúgi með bandarískum flugfélögum sitja í vélum gjaldþrota fyrirtækja, sem stýrt sé af flugmönnum sem tekið hafi á sig gríðarlegar launalækkanir og þar sem flugþjónarnir óttist að fá uppsagnarbréf afhent við lendingu. Flugfélögin keppast nú við að sækja um greiðslustöðvun áður en ný lög taka gildi í landinu sem takmarka þann tíma sem fyrirtæki geta starfað í greiðslustöðvun við átján mánuði. Spitzer telur ástæðuna fyrir hrakförum flugfélaganna þá að aðkoma að greininni sé einfaldlega of auðveld og samkeppnin of hörð. Félögin ráði ekki við að þurfa í sífellu að mæta samkeppninni með verðlækkunum, sérstaklega ekki meðan olíuverð er jafn hátt og raun ber vitni: „Verð á farmiðum er ennþá miðað við að olíufatið kosti fimmtíu dali en það gengur náttúrliga ekki til lengdar,“ segir Stelzer.

Allir töpuðu í Þýskalandi

The Telegraph | **The Telegraph** segir báða þýsku stórflokkana, Sósíaldemókrata og Kristilega demókrata, hafa tapað þingkosningunum sem fram fóru um helgina. Raunverulegir sigurvegarar hafi verið kommúnistar og aðrir smáflokkar á vinstri vængnum. Blaðið segir að þar sem hvorugur stórflokkanna hafi umboð til að hrinda nauðsynlegum umbótum í framkvæmd komi það í hlut stórfyrirtækja á borð við Volkswagen og Siemens. Líklega væri réttast af þeim að freista þess að auka hagkvæmni með því að flytja enn fleiri störf úr landi. Greinarhöfundur hefur þó samúð með þýskum verkamönnum, sem hann telur hafa upplifað erfiða tíma á undanförunum árum, þeir vinni nú lengri vinnudag en áður og fá minna kaup. Þrátt fyrir það séu um fimm milljónir atvinnulausra í Þýskalandi: „Það er engin furða að kjósendur láti óánægju sína með stjórnarflokkana í ljós og ekki virðast Angela Merkel og kristilegir demókratar njóta meira trausts,“ segir í **The Telegraph**.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSDÓRI: Hafliði Helgason RITSDÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjalmar Blöndal, Jón Skaftason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSDÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SKJALASKÁPAR

SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR



-og allt á
sínum
stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF

Sundaborg 3 • sími 568 4800

www.olafurgislason.is

SPÁKAUPMAÐURINN

Þurfa að læra að skulda

Markaðurinn er snúinn til baka eins og ég átti von á. Krónan gerir ekkert annað en að styrkjast og erlendu lánin mín komin í bullandi plús eins og ég bjóst við. Landsbankinn aftur farinn að hækka og allt í lukkunnar velstandi.

Ég varð svo kátur við þetta allt saman að ég bætti við mig í Straumi. Mér hefur reynst vel að fylgja Björgólfi Thor í fjárfestingum. Ég hef elt hann inn í nokkur félög, með góðum árangri verð ég að segja. Sem stjórnarformaður í Straumi hefur hann marga möguleika. Hann getur nýtt Straum í stórerlend verkefni og svo er auðvitað alltaf möguleiki hjá honum að sameina Straum inn í Landsbankann ef á þarf að halda. Saman eru þessir tveir bankar sem feðgarnir ráða yfir komnir með gríðarlegan kaupkraft og ekki vafi á að hann verður nýttur til útrásar. Björgólfur Thor hefur örugglega litlar áhyggjur af Íslandsbanka í bili. Bankinn er ágæt eign og Straumur orðinn frekar stór eftir sameininguna. Hann mun örugglega ná samningum við Karl Wernersson ef á þarf

að halda. Þeir hafa unnið ágætlega saman í Actavis og Karl örugglega til í að leysa Straum úr Íslandsbanka með tíð og tíma. Baugur og FL Group eru meira en til að koma í bankaleik í Íslandsbanka, þannig að það er lítil hætta á að þessi markaður fari að gefa eftir.

Ég heyri reyndar að það gangi vel í Noregi, enda er annað hægt í landi þar sem peningarnir fljóta út um allt eftir olíuhækkanirnar. Þeir eru svo ríkir að mann sundlar, en lifa alltaf sama gamla meinlætalífinu með smurt með sér í vinnuna pakkað inn í bökunarpappír. Maður þekkir svo sem nokkra einstaklinga sem eru svínríkir og hafa aldrei kunnað að njóta peninganna, en ég held að Norðmenn séu eina þjóðin sem er svona nánast í heilu lagi. Það er verðugt verkefni fyrir Bjarna og Íslandsbanka að kenna þeim að skulda pínulítið og reyna að koma peningunum undan koddanum og á smá hreyfingu. Mínir peningar eru á hreyfingu, enda væri ég kominn með svakalegan hálsríg ef þeir væru undir mínum kotta.

Spákaupmaðurinn á horninu

Peir eru svo ríkir að mann sundlar, en lifa alltaf sama gamla meinlætalífinu með smurt með sér í vinnuna pakkað inn í bökunarpappír.

AGR ehf., Vörustjórnunarfélagið og ARFI
boða til ráðstefnu 23. september 2005
Borgartúni 37, kl. 14:30

Minni birgðir og færri vantanir

Leiðir til að lágmarka birgðakostnað í aðfangakeðjunni

DAGSKRÁ:

14.30 - 14.40

Setning
Jón Helgi Egilsson, stjórnarformaður AGR

14.40 - 15.10

Leiðir til að ná árangri í innkaupa- og birgðastýringu
Hálfðan Gunnarsson, framkvæmdastjóri AGR

15.10 – 15.40

AGR Innkaup – Ný útgáfa fyrir vöruhús og verslanir kynnt
Haukur Hannesson, markaðsstjóri AGR

15.40 – 16.10

Supply Chain trends in Scandinavia
Kim Petersen, Senior Consultant, LOGISYS A/S, Denmark

16.10

Umræður, ráðstefnuslit og léttar veitingar

Verð á ráðstefnunna er kr. 5.800,-
Gestir eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á netfangið bankur@agr.is eða með því að bringja í síma 512 1000.

AGR

ADGERÐAGREIÐING

ARFI

Aðgerðarannsóknafélag Íslands

Vörustjórnunarfélag Íslands

www.agr.is

!

Talstöðin

FM 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

tei
febrúar
mál
júní
júlí
ágúst
sept
okt
nóv

• Er gengishrun krónunnar forsenda þess að viðskiptahallinn hverfi?

• Er verðbólgan að fara úr böndunum?

• Einblínir Seðlabankinn um of á stýrivexti?

• Er krosseignarhald á hlutabréfum ógn við fjármálastöðugleikann?

• Hvaða áhrif hefði skyndilegt gengisfall krónunnar á bankana?

• Getum við vaxið svona hratt án þess að missa tökin?

Hagspá Landsbankans 2005-2010

Ekki fara á taugum, Guðmundur

Dagskrá:

8:00

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, setur fundinn.

8:05

Ógnarjafnvægi í efnahagsmálum
Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í Greiningardeild, kynnir hagspá Landsbankans 2005-2010.

8:40

Kalt mat – hvað getur klikkað?
Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, fjallar um óvissuþættina í efnahagsmálum.

9:20

Umræður og fyrirspurnir.

9:40

Fundarlok.

Fundarstjóri: Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar.

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 7:45. Vinsamlega skráið þátttöku á vef Landsbankans fyrir kl. 15, miðvikudaginn 21. september.

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar fimmtudaginn 22. september kl. 8:00 til 9:40 á Hótel Nordica. Á fundinum verður leitað svara við spurningum sem eru ofarlega á baugi í efnahagsmálum.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

AURASÁLIN

Niður með viðskiptahallann

Aurasálin er ánægð með þann árangur sem náðst hefur í efna-hagsmálum á Íslandi á undan-förnum áratugum. Peningarnir hafa streymt inn í landið og framleiðslugetan hefur stóruk-ist. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni hversu mikið af peningum streymir beint úr landi á ný í hendur útlendinga.

Hér er bersýnilega brotalöm í ís-lenska hagkerfinu og vitaskuld er Aurasálin ekki sú fyrsta til þess að benda á hana. Ekki dugir að horfa aðgerðarlaus upp á þjóðarauðinn gufa upp í útlönd-um. Þjóðin þarf að byggja upp sjóði til þess að mæta mögru ár-unum og það verður augljóslega ekki gert á meðan ástandið er svona.

Aurasálin hefur áður fjallað um afskipti sín af stjórnmálum en nýlega sagði hún sig úr Fram-sóknarflokknnum eftir að hafa orðið fyrir vonbrigðum með tryggðarkerfi flokksins. Á rúm-lega mánaðarferli sínum í Fram-sóknarflokknnum fékk Aurasálin hvorki vinnu né stjórnarsetu á vegum flokksins – ekki einu sinni eina skitna nefnd. Þá sagði Aurasálin sig úr Framsóknar-flokknnum en nú hefur margt breyst, því næst þegar Aurasálin fer í pólitík verður það af hug-sjón.

Hér á landi þarf að efla iðnað. Allt of margar vörur sem almenning-ur kaupir hér á landi eru keypt-ar frá útlöndum. Þó eru hér á landi allar forsendur til þess að framleiða þessar vörur hér á landi. Álverin okkar fögru sjá okkur fyrir nægu hráefni til þess að framleiða svo gott sem hvaða vöru sem er. Landið okkar er ákjósanlegt til margs konar ræktunar landbúnaðarvara og nytjaskóga og í fjöllum landsins má skýja bæði mól og grjót til bygginga.

Hér þarf að byggja upp iðnað þannig að Ísland verði algjör-lega sjálfbært samfélag. Hér þarf að hefja framleiðslu á bíl-um, flugvélum og stórskipum sem henta fyrir hinar séris-lensku aðstæður sem hér ríkja. Ísland hefur allt til alls. Bílaíðn-aðurinn mun blómstra þegar við losnum undan því að flytja allt okkar ál úr landi en getum þess í stað notað það í innlenda framleiðslu.

Þegar Aurasálin býður sig fram í næstu kosningum verður það undir slagorðinu: Sjálfstæð þjóð í sjálfbæru landi. Innlendir bílar knúnir af innlendum orkugjöfum – eins og lýsi – eru framtíðar-sýnin sem Aurasálin býður upp á. Við Íslendingar þurfum ekki að vera upp á aðra komnir varð-andi nauðpurftir okkar – og það er augljóst mál að ef okkur tekst að selja fiskinn okkar til útlanda en framleiðum annars allt sem við þurfum til innlendir neyslu – þá mun þjóðin græða.

Eins og hver önnur veita

Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri kjarnalausna Nýherja. Nýherji heldur ráðstefnu um upplýs-ingatækni í vikunni og Hafliði Helgason hitti Þorvald og ræddi við hann um upplýsingatæknina.

Næsta föstudag stendur Nýherji fyrir ráð-stefnu í Smárabíói um framþróun og einföld-un upplýsingakerfa. „Við lögðum upp með það að fá hingað fyrirlesara í hæsta gæða-flokki til að fjalla um þessi mál. Einhverja sem hafa virkilega með það að gera hver þró-unin verður,“ segir Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri kjarnalausna hjá Ný-herja. „Fólk á að geta fengið út úr ráðstefn-unni hver þróunin er og einnig praktíska hluti, þannig að ég hef miklar væntingar til hennar.“

Þorvaldur er enginn nýgræðingur í heimi upplýsingatækninnar. Lærði verkfræði og tölvunarfræði og var í hópi þeirra sem mörk-uðu brautina á sviði upplýsingatækni þegar greinin var að verða til hér á landi. „Ég kom heim frá framhaldsnámi og byrjaði í Háskóla Íslands og fór síðan beint til Opinna kerfa. Þá vorum við sex eða sjö starfsmenn. Þá var þetta rétt að byrja og markaðurinn allt öðru-vísi en hann er í dag. Þá voru menn með um-boð fyrir ákveðin vörumerki og allir að vinna með sínum aðila. Nú er þetta öðruvísi. Menn eru enn að vinna með ákveðin vörumerki, en það eru til dæmis allir með Microsoft og allir að selja Cisco.“

Dvölin hjá Opnum kerfum varði í sex ár og þaðan lá leiðin til Teymis. „Þá voru fjórir til fimm starfsmenn og við vorum bara að vinna með Oracle. Ég var þar í þrjú ár. Ég var í hálf-gerðri klemmu þegar ég hætti þar. Mér bauðst að vinna hjá öðrum tölvufyrirtækjum en um leið að búa til netfyrirtæki. Mér fannst það meira spennandi.“

Árið er 1999 og Þorvald-ur aftur í geira sem er í fæðingu. Verkefnið var visir.is sem var hugsað sem netsíða sem átti að verða upphafssíða Íslend-inga á netinu. Leiðarvísir um netið. Trúin á netfyrir-tækin var að nálgast hámark og stefn-an var á markað. „Þótt netbólan hafi sprung-ið þá mega menn ekki vanmenta áhrifin sem netið hafði. Vegna þeirra hugmynda sem menn höfðu á þessum tíma varð til infrastrúktúr sem teygði sig út um allt. Upp-bygging kerfisins hefur svo leitt til þessa að nú eru til fyrirbæri eins og Skype sem ekki hefðu getað orðið til annars. Hugmyndin að vísi.is var ágæt, en menn voru komnir fram úr sér. Viðskiptamódelin voru ekki til. Netið hefur haft gríðarleg þjóðfélagsleg áhrif og gjörbreytt öllu umhverfi þess sem ég er að fást við í dag.“

Þorvaldur stýrir nú sviði kjarnalausna hjá Nýherja. „Það sem við erum að gera er að byggja umferðarmannvirkin. Við sjáum um netþjónana og samtenginguna og allt hitt. Við leggjum hraðbrautina, umferðarljósin og svo er hægt að keyra viðskiptahugbúnaðinn eftir þessu kerfi.“

Þorvaldur segir afstöðu til fjárfestinga í upplýsingakerfum hafa breyst. „Þessar fjár-festingar voru á tæknilegum forsendum. Í dag horfa forstjórar og framkvæmdastjórar á fjárfestinguna út frá framtíðarmarkmiðum. Hvað þeir þurfi til að vinna nýja markaði, þróa nýja vöru og svo framvegis. Þetta sést meðal annars á því að yfirmenn tölvukerf-anna eru nú hluti af framkvæmdastjórn fyr-irtækjanna og með í ákvörðunum sem teknar eru. Það sem áður snérist um tæknilegar ákvarðanir snýst nú um viðskiptalegar ákvarðanir.“

Ef maður kaupir sér nýtt sjónvarp, þá þarf maður ekki að hringja í orkuveituna til að panta meira rafmagn eða til að vita eitthvað um hvaðan það kemur.



ÁHERSLA Á VIÐSKIPTALOUSNIR Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri kjarnalausna hjá Nýherja segir það munu skilja á milli feigs og ófeigs í upplýsingatækni fyrirtækjum hvernig þeim tekst til við að byggja upp þjónustu og ráðgjöf í tengslum við upplýsingakerfin. Áherslan hafi færst frá tæknilegum lausnum til þess hvernig menn geti nýtt sér tæknina til að vinna nýja markaði og þróa vöru.

Upplýsingageirinn hefur vaxið mikið og fest sig í sessi hérlendis með ótrúlegum hraða. Íslend-ingar virðast fljótir að taka við sér þegar tækninýjungar eru ann-a r s vegar. V i ð erum fyrstir í öllu. Við heyrum það frá erlendum birgjum að við séum fyrstir til að ýta úr vör nýjum kerfum. Þetta hefur orðið til þess að menn vilja prófa nýja hluti hér og ná barnasjúkdómunum úr kerf-unum hér á landi. Fyrir vikið fáum við meiri athygli frá stórum erlendum birgjum en stærð markaðarins hér á landi gæfi tilefni til. Við erum með allt sem er í stærri samfélögum og erum framarlega í allri tækninotk-un sem gerir ákjósanlegt að prófa hér nýja hluti.“

Upplýsingakerfi og tækn-in þróast hratt og ekkert lát þar á. „Ég held að það sem kemur í kjölfar núverandi þróunar séu einfaldari kerfi. Vélarafn og bandvídd eru bara eins og heita vatnið í ofninum og rafmagnið í elda-vélinni. Eitthvað sem við verðum að hafa í sama mæli og við þurfum á að halda. Eins og hver önnur veita. Ef maður kaupir sér nýtt sjón-varp, þá þarf maður ekki að hringja í orkuveituna til að panta meira rafmagn eða til að vita eitthvað um hvaðan það kemur. Áherslur fyrirtækj-

anna sjálfra verða á lausnum sem skila við-skiptalegum verðmætum eða hagræðingu en rekstur á grunntölvukerfum verður eitthvað sem fyrirtækin munu fela öðrum í síauknum mæli, til dæmis með úthýsingu eða rekstrar-þjónustu. Með slíkum aðgerðum geta fyrir-tækin losað um starfsmenn og látið þá vinna í sínum við-skiptalausnum en falið öðr-um umsjón með grunnkerf-unum, enda eru til fyrirtæki eins og Nýherji sem hafa slíkt sem sína kjarnastarf-semi.“

Þorvaldur segir að sam-hliða þessu hafi þáttur ráð-gjafar og þjónustu vaxið hjá upplýsingatækni fyrirtækj-um. „Það er engin tilviljun að Parx ráðgjöf er dótturfé-lag okkar. Þetta er sú þróun sem við eigum eftir að sjá meira af.“ Hann segir að fyrir upplýsingatækni fyrir-tæki þá muni það skilja milli feigs og ófeigs hvernig mönnum tekst að þróa sig frá því að selja vélbúnað yfir í þjónustu, lausnir og ráðgjöf.

Þróunin er ör og Þorvald-ur segir að sífellt þurfi að fylgjast með. Nóg að gera, en hann segist þó gefa sér tíma fyrir áhugamál. „Ég er veikur fyrir veiði og svo gerði ég þau reginmistök að byrja í golfi“ segir hann. „Ég hef reyndar reynt að þróa þann áhuga yfir í að gera veiðina að fjölskyldu-sporti. Fara í silungs- og urriðaveiði og taka fjölskyld-

una með. Maður hreinsar hugann þegar maður fer eitthvert í burtu að veiða, sérstaklega þegar næst ekki í mann í farsíma. Það er toppurinn.“ Skotveiðin er líka áhugamál. „Við byrjuðum á þessu nokkrir í menntaskóla og nú fer maður í rjúpunu, fyrst búið er að leyfa að veiða hana aftur.“

Þorvaldur Jacobsen

Starf: Framkvæmdastjóri kjarnalausna Nýherja.
Fæðingardagur: 21. desember 1963.
Maki: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, forstöðu-maður heildsölu Glóbus hf.
Börn: Karl Anton f. 1989, Egill Ingi f. 1991 Anna Katrín f. 1991, Katarína Sif f. 1994 og Hólmfríður Kristín f. 2003.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Þorvaldi Jacobsen

framkvæmdastjóra kjarnalausna hjá Nýherja

Hádegisverður fyrir tvo á La Primavera

Ferskt salat með reyktum laxi og harðsoðnu eggi

Grilluð bruschetta með beikoni og mozzarella

Rauðsprettu með hvítlauchssteiktum portobello-sveppum og humarsóði

Grísasteik með kjúklingabaunum og ansjósu- og rósmarynsósu

Súkkulaðímús með hunangi og ferskum berjum

Drykkir

Hvítvín

Vatn

Kaffi

Alls 6.330 krónur



Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Fjarstýringabylting hjá Nintendo

Nintendo kynnti á dögunum fjarstýringuna sem fylgja mun hinni nýju leikjatölvu fyrirtækisins, Nintendo Revolution, sem væntanleg er í búðir næsta vor.

Fjarstýringin er nokkuð óhefðbundin en ætlast er til að leikmenn noti aðeins aðra hendina, en vanalega hafa tölvuleikjaunnendur þurft að nota báðar hendur við spilið.

Fjarstýringin er þráðlaus og þykir um margt minna á hefðbundna sjónvarpsfjarstýringu,



NINTENDO REVOLUTION-TÖLVUR Fjarstýringin sem fylgir tölvunni þykir byltingarkennd. Ætlast er til að leikmenn noti aðeins aðra höndina við spilið.

hún er búin hreyfiskynjurum og má þannig nota hana sem sverð, hafnaboltakylfu eða tennisþaða eftir því hvaða leik er verið að spila hverju sinni. Forstjóri Nintendo, Satoru Iwata, sagði að um byltingu væri að ræða: „Fjarstýringin ætti að gera það að verkum að reyndir tölvuleikjaspilarar og nýjir notendur byrja á sama grunni. Ég tel fjarstýringuna til þess fallna að auka áhuga á tölvuleikjum hjá þeim sem ekki hafa spilað áður.“ -jsk

Stafrænt í bílinn

Þýski bílarisinn Volkswagen hefur í hyggju að setja í bifreiðar sínar sérstakan hugbúnað sem gerir ökumönnum kleift að tengja stafræna tónlistarspilara beint í bílinn.

Sett verður svokallað USB-tengi í mælaborð bílanna og birtast síðan allar upplýsingar um tónlistina sem spiluð er á þar til gerðum skjá.

Búnaðurinn mun kosta um tuttugu þúsund krónur aukalega og verður í fyrstu aðeins fyrir Volkswagen Golf og Touring-jeppann. -jsk



ASPEN

SKÍÐAPARADÍS

FJÓRTÁN 10 DAGA FERÐIR NÆSTA VETUR

NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ
DOLLARINN Í SÖGULEGU LÁGMARKI!

Í öllum ferðunum er boðið uppá svítuhótelið Aspen Meadows

ASPEN  **SNOWMASS**
PREFERRED TRAVEL PARTNER

 **FERÐIR**

ICELANDAIR 

Bókanir og nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT
EINN
EINN
EINU
FÆRRA

FYRIRTÆKI
GJALDMIÐILL
REIKNINGUR
ÁHYGGJUEFNINU

Innflutningshraðsendingar DHL auðvelda innflutning

Innflutningur hefur venjulega í för með sér fjölmörg símtöl, marga reikninga, fleiri en einn gjaldmiðil og mörg höfuðverkjarköst. En ekki með innflutningshraðsendingum DHL. Allt sem þarf er eitt símtal. Við sjáum um restina, allt frá því að sækja vöruna, þangað til við afhendum hana viðtakanda. Auk þess færðu fullt verð uppgið fyrirfram. Og aðeins einn reikning í íslenskum krónum. Engu skiptir hvort þú ert að flytja inn þungan farm frá Sjanghæ eða sýnishorn frá San Francisco, þú getur alltaf treyst á DHL.



B₂B

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS

FÓLK Á FERLI

SIGURSTEINN INGVARSSON hefur verið ráðinn fjármálastjóri Samherja hf. og tekur við starfi fráfarandi fjármálastjóra, Guðmundar Baldvins Guðmundssonar. Sigursteinn mun hafa umsjón með rekstri fjármála- og upplýsingasviðs Samherja hf. Undanfarin þrjú ár hefur Sigursteinn starfað að ýmsum sérverkefnum á vegum félagsins, svo sem við innleiðingu á nýju upplýsingakerfi, fjármálum söludeildar, uppgjörum og ársreikningagerð, ásamt því að hafa starfað sem staðgengill fjármálastjóra. Sigursteinn er rekstrarfræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og starfaði í tæp fimm ár hjá endurskoðunaryrirtækinu KPMG áður en hann hóf störf hjá Samherja.

ALBERT JÓNSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri FL Investment, dóttur fyrirtækis FL Group. Albert hefur undanfarin fjögur ár starfað sem forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1986 og lauk prófi til löggilts verðbréfamíðlara árið 1998.



Albert hefur störf 1. október næstkomandi en markmið FL Investment er að hámarka virði hluthafa FL Group með fjárfestingum í fyrirtækjum og eignum jafnt á Íslandi sem og erlendis.

JÓN SIGURÐSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri á fjárfestingasviði FL Group. Hann mun hafa umsjón með stefnumarkandi fjárfestingum FL Group, yfirtökum og umbreytingaverkefnum. Jón hefur frá árinu 2003 starfað í fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands en áður í fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbanka Íslands. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Hann mun starfa við hlið Alberts Jónssonar í því að styrkja fjárfestingastarfsemi FL Group.

ÓLAFUR SÖRLI KRISTMUNDSSON hefur verið ráðinn forstöðumaður viðskiptagreiningar hjá FL Group. Hann mun sjá um greiningu á viðskiptatækifærum og rekstri bæði í tengslum við ný verkefni utan núverandi rekstrar sem og innan núverandi rekstrarfélaga. Hann lauk mastersprófi í iðnaðarverkfræði frá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1999, starfaði sem framkvæmdastjóri Landsbankans Framtaks hf. frá 1999-2002 og svo sem sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands frá árinu 2002.

allt
brúðkaup
Alla miðvikudaga

Allt til innpökkunar!

Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opíð frá kl. 08.00-16.00.
Rettarhæð 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@fora.is

GRÆNN MARKAÐUR

Bylgjan 98.9
BYLGJAN
Lífsgaði
Þriðjudagskvöld 22-24

ÞÝÐINGAR JÓNIUSTA
Bogá Arnars
Enska - danska - sænska - norska - þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði,
læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði
Sími 587 3690 • Fax 587 3691 • baf@centrum.is

Símkerfi
Heildarlausnir fyrir fyrirtæki og heimili.
Við sérsníðum símkerfi að þínum þörfum
BODLEIÐ
www.bodleid.is
Boðleið ehf. • Hlíðarsmári 8 • 201 Kópavogi
Sími 535 5200 • Fax 535 5209 • bodleid@bodleid.is

FRÉTTIR Á MAR.IS

„Nígería er mikilvægur
framtiðarmarkaður fyrir sjávarafurðir“

„Fram Foods kaupir finnskan
síldarframleiðanda“

„Rafknúinn drifbúnaður er besta lausnin
við sjálfvirka hita- og reyklosun“

„IT-ferðir bjóða sjómönnum á
knattspyrnuveislur erlendis“

Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög

mar.is
Sérvefur um sjávarútveg

Aðalflutningar
Öryggi alla leið

Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum **hvað** sem er, **hvert** sem er, **hvenær** sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

Einkanámskeið

Árangur í starfi

Námskeiðið beinist að því að þátttakandinn nái meiri árangri í starfi, hafi betri stjórn á tíma sínum, virkji starfsfólk sitt betur og laði fram öflugri og samstilltari liðsheild.

Persónuleg stjórnun

Námskeið hentar stjórnendum sem vilja verða marksæknari í vinnu og einkalífi og bæta árangur sinn á öllum sviðum lífs síns.

Það sem gerir námskeiðin einstök:

- Vandað lesmál
- Margskonar stjórnunarverkfæri
- Matslistar á eigin frammistöðu
- Mjög hagnýt verkefni
- Þú færð kennarann út af fyrir þig
- Námskeiðið hefst þegar þér hentar

Hringdu og við kynnum þér námskeiðin.



AFL TIL FRAMTÍÐAR
Síðumúli 1 • 108 REYKJAVÍK
Sími: 553 6147 • Netfang: atf@atf.is

VIÐ KAUP Á EGLA BRÉFABINDUM ERTU AÐ TRYGGJA MÖRGUM EINSTAKLINGUM BETRI FRAMTÍÐ
FÁST Í ÖLLUM BETRI BÓKAVERSLUNUM

BIC Atlantis
penni
Verð 119 kr/stk

MÚLALUNDUR
Ljósritunarpappír 394 kr/pakkningin

Punnu möppurnar með mjúku og hörðu baki. Þær sem allir eru að spyrja um

Teygmöppur af öllum gerðum

Geisladiskar þar sem gæðin skara framúr
fást í 10, 25, 50 og 100 stk einingum

Mjúkar möppur sem passa vel í bakpokann.

PILOT FEED GP4
Skriflitur 4 lita
VERÐ 296 KR

PILOT SUPER GRIP
VERÐ 98 KR

STABILO BOSS
Margir litir.
Verð 89 kr/stk

Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

Breytingar hjá ParX

ParX Viðskiptaráðgjöf IBM, dótturfélag Nýherja, hefur gert breytingar á stjórnun fyrirtækisins sem meðal annars fela í sér að starf framkvæmdastjóra verður skilgreint sem verkefni til ákveðins tíma sem falið er einhverjum af reyndustu starfsmönnum fyrirtækisins. Reynir Kristinsson, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra, snýr sér að fullu að ráðgjöf og að leiða þróun í stefnumótunarráðgjöf en við tekur Þorsteinn Þorsteinsson stjórnunarráðgjafi sem hefur leitt fagsvið stefnumótunar og stjórnskipulags hjá ParX. Þorsteinn er með meistaraþráðu í rekstrarverkfræði frá Álaborgarháskóla og starfaði áður hjá Eimskipi og hjá Danyard Aalborg í Danmörku.




VIÐURKENNING TIL PENNANS Á dögunum fékk Húsgagnadeild Pennans sérstaka viðurkenningu frá húsgagnaframleiðandanum Herman Miller fyrir góðan árangur í sölu á vörum fyrirtækisins einkum stólunum Aeron, Mirra og Caper sem fjöldamörg íslensk fyrirtæki hafa valið. Penninn er stærsti söluaðili þessara stóla í heiminum miðað við höfðatölu. Á myndinni frá vinstri: Birna Þórunn Pálsdóttir deildarstjóri, Kristinn Vilbergsson forstjóri Pennans, Oliver Bond og Jo Holmes frá Herman Miller.

Ekki fara á taugum

Landsbankinn heldur morgunverðarfund á fimmtudag um stöðuna í íslenskum efnahagsmálum. Fundurinn ber yfirskriftina: „Ekki fara á taugum Guðmundur“ og er þar væntanlega vísað til verðbólguóttans sem greip þjóðina í síðustu viku og óttann við fall krónunnar í farmtíðinni. Á fundinum verður leitast við að svara þeim spurningum helstum sem brenna á mönnum í efnahagsmálum, meðal annars hvort fall krónu sé nauðsynlegt til að viðskiptahallinn hverfi, hvaða áhrif slíkt fall hefði á bankana og hvort þjóðarbúið geti vaxið jafn hratt og raun ber vitni án þess að við missum tókin.

Aðalfyrirlesarar verða Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur greiningardeildar Landsbankans, og Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs bankans.

VIÐSKIPTARÁÐGJÖF PARX Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir, leiðir mannauðsráðgjöf, Reynir Kristinsson, fráfarandi framkvæmdastjóri og leiðir nú þróun í stefnumótunarráðgjöf, Heiður Agnes Björnsdóttir, leiðir markaðsráðgjöf og rannsóknir, Þröstur Sigurðsson, leiðir ráðgjöf á sviði fjármála, Þorsteinn Þorsteinsson, nýr framkvæmdastjóri, og Arnar Jónsson sem leiðir stjórnsýslusvið ParX.



- Hlutabréf
- Skuldabréf
- Gjaldmiðlar
- Vísitölur
- Vextir
- Viðskipti
- Tilboð
- Uppgjör
- Reiknivélar
- Þróun
- Tæknigreining
- Fréttir

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

Markaðsvaktin - Lifandi upplýsingar af fjármálamarkaði

Markaðsvaktin er fjármálaupplýsingakerfi sem er sérhannað fyrir íslenskar aðstæður. Markaðsvaktin er beintengd við viðskiptakerfi Kauphallar Íslands og miðlar upplýsingum um allt sem viðkemur markaðsviðskiptum í rauntíma. Kerfið er afar einfalt í uppsetningu og notkun, allt viðmót er á íslensku og notendur geta aðlagð vinnuumhverfið að sínum eigin þörfum.

Markaðsvaktin er í notkun hjá hundruðum fagaðila á Íslandi, í London og í Luxemborg.

Nánari upplýsingar og ókeypis reynslutími á www.mentis.is



ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

Kynningarverð
til áramóta

12.999 kr.

NÝTT!

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is

Umboðsmenn um land allt



Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkibörða bæði á pappir og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir pósthagamiðar

At your side. **brother** QL-550

Mikil velta oft fyrir-boði umsnúnings

Hvers vegna verða sveiflur á hlutabréfamörkuðum?

Ein af forsendum þeirrar hugmyndar að markaðir séu ávallt skilvirkir er að nýjar upplýsingar endurspeglis í gengi hlutabréfa. Nýjar upplýsingar skýra almennt þær sveiflur sem eiga sér stað á hlutabréfamörkuðum, en það er þó ekki algilt. Oft hafa neikvæðar fréttir sáralítil áhrif á gengi hlutabréfa og síðan hafa miklar sveiflur átt sér stað án nýrra upplýsinga.

Hver eru skýrustu merki þess að markaðir eru að fara lækka/hækka?

Sjaldan er hægt að sjá skýr merki um hvenær þróun markaða er í þann mund að breyta um stefnu, annars væri auðvitað auðvelt að hagnast vel á þeim. Þó hefur umfang veltu oft verið einn af fyrirboðum mikils umsnúnings. Gott dæmi um þetta er að metvelta hlutabréfa átti sér stað haustið 1929 og í ársbyrjun 2000 í Bandaríkjunum. Gengi þeirra féll með sögulegum hætti næstu mánuði og ár. Veltan var síðan orðin sáralítil þegar botninum var náð. Það er umhugsunarefni að á síðustu vikum hafa tíð veltumet átt sér stað í Kauphöll Íslands. Önnur merki um að markaðir séu að hækka eða lækka eru lántökur til kaupa á hlutabréfum og magn umfjöllunar í fjölmiðlum um hlutabréf almennt.

Mynda lækkanir á markaði alltaf kaugtækifæri?

Oft, en ekki alltaf. Margir brenndu sig nýlega á þessari kenningu með því að kaupa hlutabréf í tæknifyrirtækjum sem fallið höfðu mikið í virði. Sum bréf urðu jafnvel verðlaus með öllu. Man til dæmis ein-

hver eftir Enron?

Hvað er versta fall sem hefur orðið á hlutabréfamarkaði?

Mesta tap á einum degi var 19. október 1987 þegar Dow Jones hlutabréfavisitalan lækkaði um 22,6 prósent. Dagurinn er

gjarnan nefndur Black Monday eða svarti mánudagurinn. Dow Jones hlutabréfavisitalan lækkaði ögn meira samanlagt dagana 28.-29. október 1929. Síðari dagurinn er þekktur sem svarti þriðjudagurinn og er í hugum flestra lok gullaldarskeiðsins á þriðja áratugnum og upphaf kreppunnar miklu sem reið yfir Bandaríkin næstu árin (í raun eru sáralítil tengsl milli atburða þessa daga og kreppunnar). Verri föll hafa þó átt sér stað yfir lengri tímabil. Árið 1932 hafði Dow Jones hlutabréfavisitalan

lækkað um næstum því 90 prósent frá því sem hún hafði farið hæst þremur árum áður og NASDAQ hlutabréfavisitalan lækkaði á tímabilinu 2000-2003 um 80 prósent. Raunlækkun hlutabréfa yfir nokkur lengri tímabil hefur auk þess verið vel yfir 50 prósent.

Hvað hafði áhrif á þá sveiflu sem varð í Kauphöllinni í síðustu viku?

Hér er auðveldara að koma með getgátur en haldþærar skýringar. Engar dómsdagsfréttir komu fram rétt áður en sköpuðu niðursveiflur sögunnar áttu sér stað og menn greinir enn á um hvað í raun olli þeim.

Hvernig er verð á hlutabréfum hérlandis í samanburði við helstu markaði erlendis?

Í svipuðum anda og íslensk Eurovision-stemning: Það ein-kennist af bjartsýni.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Mús
Wolfgang's Mixa
sérfræðings á fjármálamarkaði



Meiri geðshræring í fyrra

Í síðustu viku veltu margir því fyrir sér hvort haustlægðin á hlutabréfamarkaði væri snemma á ferðinni. Eggert Þór Aðalsteinsson bað Atla B. Guðmundsson, hjá greiningu Íslandsbanka, um að lýsa því hver hefði verið kveikjan að lækkuninni og bera hana saman við októberlækkunina í fyrra.

Í síðustu viku lækkaði markaðurinn fjóra daga í röð og féll Úrvalsvisitalan um fimm prósent þar til hún rétti úr kútnum á föstudaginn. Í upphafi vikunnar birtust mjög neikvæðar verðbólgufréttir sem sýndu mun meiri hækkun á vísitölu neysluverðs en búist hafi verið við. Atli B. Guðmundsson hjá Íslandsbanka telur annars vegar að vangaveltur um ofhitnun í hagkerfinu og hins vegar að stórir fjárfestar hafi innleyst hagnað eftir miklar hækkanir að undanfögnu skýri að mestu leyti þann titring sem varð á markaðnum í síðustu viku. Umræða um efnahagsmálin var mjög áberandi í fyrri hluta síðustu viku. „Það voru vangaveltur um ofhitnun í hagkerfinu sem hafði mikið um segja. Þetta var blanda af því að stærri fjárfestar voru að hreyfa sig og neikvæð umræða um stöðu hagkerfisins.“

KAUPTÆKIFÆRI HJÁ FJÁRFESTUM

Atli segir að þrátt fyrir að verð á hlutabréfum hafi lækkað nokkuð í vikunni sem leið hafi stemningin verið á þá lund að fáir óttuðust holskeflu frekari lækkana. Þessu hafi verið öfugt farið í október í fyrra þegar hlutabréfaverð féll í verði um tæpan fimmtung á skömmum tíma.

Atli bendir á að stærri aðilar hafi séð kaugtækifæri myndast í þeim fyrirtækjum sem lækkuðu hvað mest í síðustu viku eins og í Landsbankanum. „Ég er ekki frá því að kaugtækifæri hafi myndast fyrir en maður bjóst við. Það er einnig freistandi að tengja þetta við hluthafafundina í Straumi, Landsbankanum og Burðarási. Það voru mörg jákvæð skilaboð sem komu frá Björgólfi Thor á fundi Straums. Hann sagði til dæmis að spennandi tímar væru fram undan hjá félaginu, sem verkaði jákvætt á markaðinn.“

EINSTAKLINGAR OFT ÁBERANDI

Á síðasta ári lýsti lækkunin sér þannig að markaðurinn féll lítillega frá degi til dags í nokkra daga þar til hann gaf eftir og nánast hrundi. Á þeim tíma var það skoðun margra að markaðurinn væri of hátt verðlagður. Á einni viku, frá 22. október til 29. október, lækkaði Úrvalsvisitalan um tæp fimm hundruð stig, sem jafngildi þá tólf prósentu lækkun. „Það voru gríðarlega mörg viðskipti þá daga sem lækkanirnar voru mestar, sem merkir að einstaklingar og smærri fjárfestar hafi farið út. Margir kusu að nota



ATLI B. GUÐMUNDSSON „Það var áberandi meira stress meðal fjárfesta í október í fyrra en nú.“

stundina til að losa út hagnað eftir miklar hækkanir marga mánuði á undan,“ segir Atli.

VÆNTINGAR RÁÐA ÖLLU

Hann segir að markaðir geti lækkað annars vegar í miklum viðskiptum, eins og sýndi sig í fyrra og í síðustu viku og er merki um það að margir kjósi að innleysa hagnað. Hins vegar geti þeir lekið niður vegna áhugaleysis og gerist það yfir lengri tíma.

„Það var áberandi meira stress meðal fjárfesta í október í fyrra en nú,“ segir Atli þegar hann er spurður um hver viðbrögð manna hafi verið vegna áður nefndra lækkunarhrina. Í niðursveiflunni í fyrra voru sveiflur innan dags mun meiri en nú. Þá átti markaðurinn það til að lækka mjög mikið fyrir hádegis en kom svo til baka eftir það. „Það lýsir einmitt stressinu sem fylgir verðlækkunum á hlutabréfamarkaði: Menn stökkva oft til og selja.“

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað mikið á þessu ári á grundvelli þess að gangur félaganna er betri en búist hafði verið við. Uppgjörin hafa verið vonum framar eða í takt við væntingar. Framgangur hinnar margfrægu útrásar mun svo hafa mikið að segja um framhaldið.

„Á endanum er allt drifið áfram af væntingum. Verð hlutabréfa ræðst alltaf af væntingum fjárfesta um framtíðina,“ segir Atli að lokum.

VERÐFALL Á HLUTABRÉFUM
Áhyggjur fjárfesta vegna lækkunar á hlutabréfamörkuðum geta valdið enn frekara verðfalli eins og sýndi sig hérlandis í október í fyrra.

Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7



NEC

Þú gengur að gæðunum vísu

VT-47

- Skjávarpí • Birta: 1500 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2,9 kg

verð

kr. 89.900,-



VT-470

- Skjávarpí • Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800X600
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2,9 kg

verð

kr. 119.900,-



verð

kr. 269.900,-



LT-180

- Skjávarpí • Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024X768
- Skerpa: 1000:1 • Þyngd: 2,9 kg

Sterkir og skýrir
NEC skjávarpar

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

MINNISKORT OG LYKLAR

FYRIR ALLAR ÞÍNAR ÞARFIR



- SanDisk Ultra II
- SanDisk Extreme III
- SanDisk SD
- SanDisk xD
- SanDisk MultiMedia
- SanDisk CompactFlash
- SanDisk Memorystick Duo
- SanDisk Memorystick Pro
- SanDisk mini-SD
- SanDisk TransFlash fyrir farsíma
- SanDisk Cruzer minnislyklar

- **SanDisk** er stærsti og virtasti framleiðandi heims á minniskortum og minnislyklum og hefur hlotið fjöldamörg virt verðlaun þar á meðal EISA verðlaunin fyrir besta minniskortið í Evrópu 2004-2006. **SanDisk** býður upp á allar gerðir minnis fyrir öll stafræn tæki, hvort sem um er að ræða tölvuna, símann eða myndavélina.



SanDisk 

ALLAR HUGSANLEGAR MINNISLAUSNIR

Hámarks gæði á lágmarks verði – Landsins mesta úrval



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR



Heimilistæki
SÍTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is



Spámaður í föðurlandi

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um að vísa ákærum á hendur forsvarsmönnum Baugs frá dómi hefur eðlilega verið fyrirferðarmikið umræðuefni milli manna á markaði sem annars staðar.

Flestir voru reyndar þeirrar skoðunar að ákæruliðunum átján yrði að minnsta kosti vísað frá. Aðrir töldu eins og niðurstaðan varð að öllu málinu yrði vísað frá. Einn benti þó á að besta spámaðurinn í málinu væri líklega Davíð Oddsson sem sagði, þegar hann bar af sér aðkomu að málinu, að slíkt þýddi ekki neitt því að ef ákæran væri ekki á traustum grunni myndu dómstólar vísa henni frá.

Skipti á kápu

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, hefur haft í nógu að snúast að undanförmu og borið hitann og þungann af kaupum Skiptis á Símanum. Erlendur reynir þó alltaf að gefa sér tíma til að hitta gamla félagana á Kínahúsinu í Lækjargötu. Eitthvað virðist Erlendur hafa verið annars hugar þegar hann gekk út af Kínahúsinu, því á eftir honum hljóp kvenkyns gestur veitingastaðarins og bað hann vinsamlegast að skila kápunni sinni sem Erlendur hafði tekið í misgripum fyrir frakkann sinn á leiðinni út. Skiptin fóru fram án frekari eftirmála, enda Erlendur valinkunnur sómamaður, þótt hann geti greinilega verið utan við sig.

Sameiningin í fluginu

FL Group og Pálmi Haraldsson eru enn að bræða með sér kaup FL Group á Sterling. Margir höfðu mikla vantrú á þeirri vegferð Pálma að kaupa flugfélög í taprekstri, en nú heyrast þær raddir að ef hann selji Sterling og Mærsk með góðum hagnaði séu það ein snilldarlegustu viðskipti íslenskrar viðskiptasögu. Sterling þykir hins vegar gefa ýmsa möguleika fyrir Flugleiðir, sem geta stækkað markaðssvæði sitt verulega með kaupum á Sterling. Þetta yrði þá eins og best verður á kosið í viðskiptum, það er að allir græði. Hins vegar er málið langt því frá í höfn og ekki búist við tíðindum af þessum þreifingum fyrr en í seinni hluta næstu viku.

10,6%

Aukning á veltu í dagvöruverslun í ágústmánuði miðað við ágúst 2004.

30,5%

Eignarhlutur Fram Foods. Bakkavarar Group í

200

Áætlanir viðskiptaráðs benda til þess að fjármunaeign Íslendinga í Bretlandi verði 200 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2005.

Þróunarfélag | property development

PYRPING

Skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26 til leigu



norður

Að Borgartúni 26 mun rísa sérhannað 12.000 m² skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Bílageymslur verða undir húsinu og munu þær rúma um 200 bíla.

Húsnæðið verður á átta hæðum á þessum mikla útsýnisstað í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur. Það verður sérhannað út frá þörfum leigutaka, með rúmgóðum skrifstofum í háum gæðaflokk.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga í byrjun árs 2007.

vestur



suður



austur



sími 594 4200

fax 594 4201

netfang thyrrping@thyrrping.is

vefslóð www.thyrrping.is

Pyrping hf, Kringlunni 4–12, 103 Reykjavík

E*TRADE

Við færum þér fjármálaheiminn

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn

Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

